



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. apríl 2009 – 84. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Hebbi slær taktinn

Spilar í spinning-tíma í Sporthúsinu í Kópavogi.

FÓLK 42



Lifir í núinu


Andrea Jónsdóttir dagskrárgerðar- maður heldur upp á sextugs- afmælið með pompi og prakt.

TÍMAMÓT 24

Hrollur betri en Youtube

Alexander Kárason hefur opnað myndbanda- vefsíðu fyrir áhugafólk um jaðarsport.

FÓLK 34



Grindavík vann

Staðan í einvígi Grindavíkur og KR er 1-1 eftir sigur fyrrnefnda liðsins á heimavelli í gær.

ÍPRÓTTIR 38



VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA ÚRKOMA Í dag verður hæg austlæg átt, en strekkingur nyrst og vestast á Vestfjörðum. Rigning eða skúrir um miðjan dag í flestum landshlutum en þó slydda á Vestfjörðum. Hiti 1-10 stig.

VEÐUR 4

Meiri þægindi og aukið geymsluþol

Nú er MS rjóminn í 1/2 l umbúðum með tappa.

12 daga geymsluþol



Alþingi hefur aldrei áður fundað jafn nærri kjördegi

Alþingi hefur aldrei starfað eins nærri kosningum og nú. Óvíst er hvenær þingstörfum lýkur en nokkurn veginn er útséð um að það verði fyrir páska. Sjálfstæðismenn ræddu enn stjórnarskrármálið fram á nótt.

ALÞINGI Nær öruggt er að Alþingi mun koma saman eftir páska, segir Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar. Hann segir að jafnvel þótt sjálfstæðismenn létu þegar af málþófi sínu væri tíminn til að koma nauðsynlegum málum í höfn í dag og á morgun sennilega of naumur.

Átján dagar eru nú til kosninga og hefur þing aldrei starfað eins nálægt kjördegi og nú. Styst hefur liðið frá þingslitum til kosninga árið 1991, þá 31 dagur. Verði þingað eftir páska eins og allt stefnir í kemur þing saman þriðju-

daginn 14. apríl, ellefu dögum fyrir kjördag.

Sjálfstæðismenn héldu uppteknum hætti á þingi í gær og streymdu í ræðustól í umræðum um breytingar á stjórnarskránni. Þeir, ásamt Kristni H. Gunnarsyni, standa einir gegn breytingartillögum á stjórnarskránni og vilja afgreiða önnur mál áður en haldið verður áfram umræðum um þær. Það vilja þingmenn annarra flokka ekki. Sautján sjálfstæðismenn voru enn á mælandaskrá á ellefta tímanum í gærkvöldi.

Tillaga Þorgerðar Katrínar

Gunnarsdóttur um að umræða um álver í Helguvík færðist fram fyrir umræðu um stjórnarskrár- breytingarnar var felld á fundi þingflokksformanna.

Sjálfstæðismenn lögðu til síðdegis í gær að hlé yrði gert á þingfundi um kvöldmatarleytið svo þingmenn gætu fylgst með framboðsfundi RÚV á Ísafirði. Mörður Árnason, varaþingmaður Samfylkingarinnar, sagðist aldrei hafa heyrt aðra eins hugmynd. „Hættum nú þessum kjanaskap, góðir þingmenn,“ sagði Mörður.

Þingflokksformenn annarra

flokka en Sjálfstæðisflokks tala um að sjálfstæðismenn haldi þinginu í gíslingu með því að endurtaka í sífellu sömu ræðuna. Sjálfstæðismenn segja meirihlutann aftur á móti standa í vegi fyrir því að þjóðþrifamál komist á dagskrá með því að vilja ekki hvika frá því að taka stjórnarskrár- breytingarnar fyrir fyrst.

Siv Friðleifsdóttir segist vona að sjálfstæðismenn sjái fljótt að sér og leyfi atkvæðagreiðslu um málið að fara fram svo ekki þurfi að þinga allt fram að kjördegi.

- sh / sjá síðu 6



MANNSKÆÐUR JARÐSKJÁLFTI Björgunarfólk leitaði enn í gærkvöldi með aðstoð fljóðljósa að lífsmarki í rústum. Mannskæðasti jarðskjálfti á Ítalíu í þrjá áratugi reid yfir í fyrri nótt og er talið að 150 hið minnsta hafi farist í skjálftanum. NORDICPHOTOS/AFP

Pórhallur Sævarsson:

Leikstýrir auglýsingu í Chile

FÓLK „Þetta er vara sem Pepsi framleiðir og auglýsingin verður væntanlega sýnd í Mið-Evrópu,“ segir Pórhallur Sævarsson auglýsingaleikstjóri. Hann þeysist heims-hornanna á milli við að leikstýra auglýsingu fyrir stórfyrirtæki.



PÓRHALLUR SÆVARSSON

Hann var nýverið staddur í Ólpunum að taka upp tannkremsauglýsingu fyrir þýska snyrtivörurissann Henkel. Hann hefur einnig gert auglýsingar fyrir T-Mobile og Peugeot. Þá vann Pórhallur nýverið til verðlauna á stórra auglýsinga- hátíð í slóvensku borginni Portoroz.

- fgg / sjá síðu 32

Að minnsta kosti 150 létu lífið í mannskæðasta jarðskjálfta Ítalíu í þrjá áratugi:

Leitað að lífsmarki í rústum

NÁTTÚRUHAMFARIR Fjöldi björgunarfólks leitaði að lífsmarki með hjálp fljóðljósa í gærkvöldi eftir að harður jarðskjálfti reid yfir Mið-Ítalíu í fyrri nótt. Í gærkvöldi var talið að 150 hið minnsta hefðu farist í skjálftanum, sem er sá mannskæðasti í landinu í þrjá áratugi. Auk þess var tuga fólks enn saknað, um 1.500 slasaðir og yfir 50.000 eru heimilislausir.

Jarðskjálftinn, sem mældist 6,3 á Richter, átti upptök sín í fjalla-

héraðinu Abruzzo, um hundrað kílómetra norðaustur af Róm. Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, lýsti yfir neyðarástandi og björgunarsveitir hvaðanæva að á Ítalíu voru kallaðar til hjálpar.

Suðurlandsskjálftarnir sem riðu yfir 17. og 21. júní árið 2000 mældust 6,5 og 6,6 á Richter. Alþjóðabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar var sett í vaktstöðu vegna skjálftans á Ítalíu í fyrri- nótt, sem er lægsta stig viðbragðs

sem skilgreint er. Um kvöldmatar- leytið í gær var sveitin svo kölluð úr vaktstöðu, þar sem sýnt þótti að björgunarliðsafla Ítala væri nægjanlegur. Gísli Rafn Ólafsson, stjórnandi Alþjóðabjörgunarsveitarinnar, segir Ítala hafa yfir að búa góðu viðbragðsveimi. „Um kvöld- mat fréttum við að 1.640 björgunarmenn væru komnir á staðinn. Við fylgjumst þó áfram með stöðunni ef eitthvað skyldi breytast,“ segir Gísli.

- sbt, kg / sjá síðu 4

Rjómaostur

frá Ostahúsinu er bragðgóður, mjúkur og léttur og inniheldur fáar hitaæiningar.



SENDU PERSÓNULEG FERMINGARSKEYTI Á www.postur.is

VERÐ 890 kr.

SKEYTIN min! PÓSTURINN allur pakkinn



Diana Lind, er þetta ekki hálfgerður páfagaukalærdómur?

„Nei, þetta byggist allt á innsæi.“

Diana Lind Monzon páfagaukaráðgjafi veitir fólki ráðgjöf vegna sambands þess og annarra fjölskyldumeðlima við stærri og smærri páfagauka.

Anders Fogh Rasmussen í Tyrklandi í hlutverki verðandi framkvæmdastjóra NATO: Tekur tillit til trúarviðkvæmni

ISTANBÚL, AP Anders Fogh Rasmussen, verðandi framkvæmdastjóri NATO, hvatti í ræðu í Istanbul í Tyrklandi í gær til þess að fundið yrði jafnvægi milli tjáningarfrelsis og virðingar fyrir tilfinningum trúaðra.

Tyrkneskir ráðamenn og fjölmiðlar höfðu ætlast til þess að Fogh notaði tækifærið og bæðist afsökunar á stuðningi sínum við birtingu Múhamedsteikninganna umdeildu í Jótlandspóstinum á sínum tíma, en þá afsökunarbeiðni fengu þeir ekki.

Tyrkir voru mjög tregir til að fallast á að Fogh yrði næsti framkvæmdastjóri NATO vegna gremju

þeirra yfir hans hlut í Múhamedsteikningafárinu. Á átakafundi á bak við luktur dyr á leiðtoga fundi bandalagsins í Strassborg á laugardag tókst þó að útljá málið – með því að Tyrkir voru „keyptir“ til að falla frá mótbárum sínum með því að fá vissar háar stöður í höfuðstöðvum NATO.

Í ávarpi sínu, sem hann flutti á ráðstefnu um „samræður menningarheima“ í Istanbul, lagði Fogh áherslu á að hann hygðist sem framkvæmdastjóri NATO leggja sig fram um að taka tillit til viðkvæmni af völdum trúarbragða. Þá sagðist hann „virða íslam sem ein af höfuðtrúarbrögðum heims“. - aa



AUÐMjúkur með öxl úr líði Anders Fogh heilsar hér Mohammed Khatami, fyrverandi forseta Írans, á ráðstefnunni í Istanbul með hönd í fatla eftir óhapp á hótélherbergi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Guðni og Valgerður á Kanarí: Saman á fundi á Klörubar

STJÓRN MÁL Bodaður hefur verið fundur með tveimur fyrrverandi formönnum Framsóknarflokksins á Kanaríeyjum næstkomandi laugardag, þeim Guðna Ágústssyni og Valgerði Sverrisdóttur.

Ekki náðist í Valgerði í gær og Guðni kvaðst sjálfur ekki enn hafa heyrt af fundinum. Hann sagði þó að sér þætti líklegt að á laugardag yrði hann á fundarstað sem, eins og jafnan áður, er Íslendingabarnin Klörubar.

„Hvað er það sem menn ræða um?“ svaraði Guðni spurður um líklegt umræðuefni á fundinum.

- gar



AF VETTvangi Jiríček sendi fjölmiðlum þessa mynd strax eftir aðgerðina.

Sletti málningu á sendiráð: Ákærður fyrir að smána Kína

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært 27 ára gamlan Tékk, Jan Jiríček, fyrir að sletta rauðri málningu á tröppur kínverska sendiráðsins fyrir rúmu ári. Hann er ákærður fyrir að hafa smánað erlenda þjóð og erlent ríki opinberlega, en til vara fyrir að hafa valdið skemmdum á sendiráðssvæði.

Jiríček játaði sök en taldi brotið ekki varða við umrædd lagaákvæði. Refsing fyrir brot af þessu tagi er sekt eða allt að tveggja ára fangelsi. Jiríček sagðist á sínum tíma með athæfinu vilja mótmæla mannréttindabrotum Kínverja í Tibet. - sh

EFNAHAGSMÁL

Margir í greiðsluferfiðleikum

Fyrstu þrjú mánuði þessa árs hafa 942 umsóknir vegna greiðsluferfiðleika borist til Íbúðalánasjóðs. Allt árið í fyrra voru umsóknir vegna greiðsluferfiðleika 1.405, en 377 í hitteðfyrra.

Óttast dómínóáhrif vegna gjaldþrota

Allt að þriðjungur fyrirtækja í landinu gæti verið á leið í þrot, að mati aðstoðarframkvæmdastjóra SA. Segir stýrivexti þurfa að lækka mikið til að forðast fjöldagjaldþrot. Seðlabankinn vinnur nú úttekt á skuldastöðu fyrirtækja.

EFNAHAGSMÁL Gróft áætlað gæti þriðjungur til fjórðungur fyrirtækja á landinu verið á leið í gjaldþrot, að mati Samtaka atvinnulífsins (SA). Samtökin óttast að dómínóáhrif af gjaldþrotum geti reynst banvænt högg, jafnvel fyrir fyrirtæki sem standa vel.

„Það versta sem gerist við gjaldþrot er að fyrirtæki sem áttu góða möguleika verða fyrir banvænu höggi vegna gjaldþrots annarra fyrirtækja,“ segir Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Þannig geti fyrirtæki sem standi sæmilega lent í því að skuldir fyrirtækja sem verði gjaldþrota fái ekki greiddar, með þeim afleiðingum að stönduga fyrirtæki lenti í vanda, og fari jafnvel sjálf í þrot.

Ófullnægjandi tölur eru til um skuldastöðu íslenskra fyrirtækja, en Seðlabanki Íslands vinnur nú að úttekt á skuldastöðunni, segir Þórarinn Gunnar Pétursson, aðal-
hagfræðingur Seðlabankans.

Aðspurður segir hann ómögulegt að geta til um hversu mörg fyrirtæki séu í bráðri hættu á að fara í þrot fyrr en úttektinni sé lokið. Hann segir möguleg dómínóáhrif gjaldþrota vissulega áhyggjuefni, en ómögulegt sé að segja til um í hvaða mæli þau geti orðið.

Hannes segir að stjórnvöld



PROT Gjaldþrotum fyrirtækja hefur fjölgað mánuð frá mánuði. Gjaldþrot eins fyrirtækis getur haft áhrif á mörg önnur þegar útstandandi skuldir eru ekki greiddar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það versta sem gerist við gjaldþrot er að fyrirtæki sem áttu góða möguleika verða fyrir banvænu höggi vegna gjaldþrots annarra fyrirtækja.“

HANNES G. SIGURÐSSON
AÐSTOÐARFRAMKVÆMDASTJÓRI

virðist ekki nægilega meðvitað um umfang vanda íslenskra fyrirtækja. Hundruð fyrirtækja rói nú lífróður og gjaldþrotum fjölgi mánuð eftir mánuð.

Könnun Samtaka atvinnulífsins sýnir að háir vextir eru stærsta vandamál fyrirtækja í dag, segir Hannes. Nú heyrast að nægt lausafé sé til í viðskiptabönkunum, en sökum hárra vaxta geti enginn tekið lán nema til að reyna að

fleyta fyrirtækjum sínum yfir erfiðasta hjallann. Það geri þó í raun ekkert annað en að auka vandann meðan vextir séu svo háir.

Nú þegar Alþingi hefur stoppað í götin á gjaldeyrishöftunum ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að peningastefnunefnd Seðlabankans lækki stýrivexti hratt til að forðast fjöldagjaldþrot íslenskra fyrirtækja, segir Hannes. Vextirnir þurfi helst að fara niður fyrir tíu prósent mjög fljótlega.

Hann segist þó ekki bjartsýnn á að vextir lækki jafn hratt og æskilegt væri miðað við skýringar peningastefnuefnendrarinnar á síðasta vaxtaákvörðunardegi. Þá ákvað nefndin að lækka stýrivexti um eitt prósentustig, úr átján prósentum í sautján.

brjann@frettabladid.is

Íslandsráðstefna í New York: Ræða íslenska efnahagskerfið

EFNAHAGSMÁL Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og stjórnarformaður

Íslensk-Amerískra verslunarráðsins, og dr. Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra verða meðal ræðumanna á ráðstefnu um íslenskt efnahagslíf sem hefst í New

York í dag. Sjö aðrir framsögumenn verða á ráðstefnunni. Meðal þeirra eru Birkir Hólm Guðnason, stjórnarformaður Icelandair, Guðni A. Jóhannesson, forstjóri Orkustofnunar, og David O. Beim sem er prófessor í hagfræði við Columbia-háskólann. Rétt verður um innviði íslenska efnahagskerfisins og framtíðarhorfur. - gar



ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON

MP-tölvupóstur frá SPRON:

Starfsmaður gaf sig fram

BANKAR „Hún kom alveg niðurbrotin eftir fréttatvöngunum og var búin að líða eins og saka-manni alla helgina,“ segir Hlynur Jónsson, formaður skilaneftndar SPRON, um lyktir rannsóknar á umdeildri tölvupóstsendingu frá SPRON með kynningarefni frá MP Banka. Kaupþing taldi tölvupóstinn til marks um að skilaneftnd SPRON gengi erinda MP. Hlynur segir tæknimenn hafa verið setta í að rannsaka málið. „Það kom í ljós að tiltekinn starfsmaður þjónustuversins var að stytta sér leið þegar hún svaraði fyrirspurn – afritaði hluta af texta á heimasíðu MP og setti inn í svarið sitt. Þetta var eitt einangrað tilvik hjá einum starfsmanni sem gerði þetta í ógáti og hugsunarleysi.“ - gar

Jóhanna! Nú er valdið í þínum höndum!

Við þökkum fyrir hreinsanirnar í Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum en verkinu er ekki lokið. Það þarf að taka til í lífeyrissjóðunum.

Stefni Vilhjelmsson

íslenskur ríkisborgari

Við viljum endurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu strax. Yfir 20.000 manns hafa þegar skrifað undir, stefnum á 25.000. Lífeyrissjóðirnir eru okkar eign!

www.okkarsjodir.is

Grímuklæddir menn skvettu rauðri málningu á listaverkið Tuttugu logar:

NATO-listaverk skemmt

SKEMMDARVERK Rauðri málningu var skvett á höggmyndina Tuttugu logar eftir listakonuna Huldu Hákon, sem stendur á grasinu fyrir utan Hótel Sögu við Hagatorg, á föstudagskvöld. Utanríkisráðuneytið keypti verkið af Huldu og afhjúpaði í tilefni fundar NATO sem haldinn var á Hótel Sögu í maí árið 2002.

Hjá Hótel Sögu fengust þær upplýsingar að gestir hótelsins hefðu séð grímuklædda menn skvetta málningunni. Haft var samband við Reykjavíkurborg, sem réð hreinsunarfyrirtækið Allt-af til að hreinsa verkið í gærmorgun.

Hvorki er vitað hverjir voru að verki né hvað þeim gekk til, en sextíu ára afmælisleiðtogafundur NATO fór fram í Frakklandi á laugardag. Verknáðurinn hefur ekki verið tilkynntur til lögreglu.

- kg



HREINSUN Starfsmenn Allt-af unnu að hreinsun verksins í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ

Óverðtryggð íbúðalán eru nýr valkostur

Landsbankinn býður nú upp á nýjan valkost í lausnum fyrir heimilið, óverðtryggð íbúðalán með greiðsluáðlögun. Óverðtryggð íbúðalán henta þeim sem vilja greiða lán sín hraðar niður og forðast uppsöfnun verðbóta eða gengisáhættu.

Pantaðu ráðgjöf á landsbankinn.is, í útibúinu þínu eða í síma 410 4000



410 4000 | landsbankinn.is

ENVEIMA / SIA / M02574 Web nr. 16.06.2010/10.01.11, sk. 471008-2/08

KYNNTU ÞÉR LAUSNIR LANDSBANKANS:



GREIÐSLUJÖFNUN
VERÐTRYGGÐRA ÍBÚÐALÁNA



GREIÐSLUJÖFNUN
ERLENDRA ÍBÚÐALÁNA



FRESTUN GREIÐSLU
AFBORGANA OG VAXTA



FRESTUN VEGNA
SÖLUTREGÐU



SKULDBREYTING
LÁNA



FRESTUN AFBORGANA
ÍBÚÐALÁNA Í ERLENDRI MYNT



SKULDBREYTING
SKAMMTÍMALÁNA



ÓVERÐTRYGGÐ
ÍBÚÐALÁN

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	119,71 120,29
Sterlingspund	178,23 179,09
Eúra	161,69 162,59
Dönsk króna	21,705 21,831
Norsk króna	18,352 18,460
Sænsk króna	15,048 15,136
Japanskt jen	1,1808 1,1878
SDR	179,70 180,78

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
197,2682
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður skilanevndar SPRON segir töf á sölu útibúanets dýrkeypta:

Mikil verðmæti geta glatast á töfum

BANKAR Hlynur Jónsson, formaður skilanevndar SPRON, segir mikil verðmæti í uppnámi, gangi saman á SPRON til MP Banka ekki eftir. Salan á útibúum SPRON og netabanka SPRON til MP Banka fékk grænt ljós frá Samkeppniseftirlitinu en hefur ekki fengist staðfest af Fjármálaeftirlitinu. Hlynur segir að meta megi sölu á um 800 milljónir króna. Þar af er stór upphæð vegna launa 45 starfsmanna sem MP ætlar að yfirtaka en skilanevndin þarf ella að greiða þriggja til tólf mánaða uppsagnarfrest eftir atvikum. Þrátt fyrir tafir á afgreiðslu málsins frá Fjármálaeftirlitinu



að verulega. Þá er vafamál hvort nokkuð fengist fyrir þetta lengur," segir Hlynur, sem kveður ástæðu þess liggja í augum uppi. „Eftir því sem útibúin er lokað lengur hljóta þau að tapa sínum viðskiptavinum. Ef þú ætlar að opna aftur eftir tvo mánuði hlýtur þú að þurfa að finna nýja kúna.“
Eins og áður segir felst hluti kaupverðsins á SPRON í yfirtöku 45 starfsmanna. Hlynur segir mjög marga þeirra hafa sex mánaða uppsagnarfrest. Illt sé í efni ef viðskiptin fari út um þúfur. „Þá þurfum við að borga þessu fólki laun án þess að hafa nokkur not fyrir það," bendir hann á. -gar

Ofsaakstur í Austurborginni: Eftirför á fjölda lögreglubíla

LÖGREGLUMÁL Fjöldi lögreglubíla veitti í gærkvöld hálfþrítugum öikumanni á fólsbíl eftirför frá Bústaðavegi upp á Vesturlandsveg ofan við Grafarvog.
Lögreglan segir einkennilegan akstursstíl mannsins hafa leitt til þess honum var gefið merki um að stöðva. Hann sinni því hins vegar ekki heldur ók tryllingslega með farþega sinn þar til fór hans var stöðvað á Vesturlandsvegi.
Enginn meiddist en lögreglan segir manninn hafa skapað stór-hættu með ofsaakstrinum. Talið er víst að hann hafi verið undir áhrifum fíkniefna. -gar



Í LAUGASKARÐI Klór lak úr kari við sundlauginu og stráfelldi fiska í Varmá.

Eftirköst klórslyssins í Varmá: Fáir smáfiskar en margir stórir

UMHVERFISMÁL Lítið hefur reynst af smáfiski í Varmá það sem af er stangveiðitímanum sem hófst 1. apríl. Að því er kemur fram á vef Stangveiðifélags Reykjavíkur er þetta í samræmi við kenningar um klórslýsið mikla sem varð í Varmá í vetrarbyrjun 2007. Samkvæmt þeim var talið að yngri árgangar fiskstofna í ánni hefðu orðið sérstaklega illa úti. Góðu fréttirnar eru hins vegar að líflegt hefur verið hjá veiðimönnum þrátt fyrir þetta því mikið hefur veiðast af stórum fiskum, sjóbirtingur upp í fjórtán pund og tólf punda bleikja, að því er segir á svfr.is. -gar

LEIÐRÉTTING

Fyrir mistök birtist gömul frétt um mótmæli á síðu 8 í Fréttablaðinu á föstudaginn. Í fréttinni birtust sjónar-mið Gísla Jökuls Gíslasonar, ritstjóra Lögregluhláðsins, sem áttu við um ástandið í byrjun febrúar.

150 látnir í hörðum skjálfta

Neyðarástandi var lýst yfir á Ítalíu í gær í kjölfar mannskæðasta jarðskjálfta þar í áratugi. Fjölmenni leitaði að lífsmarki í húsarústum. Tjaldbúðum var slegið upp fyrir tugþúsundir heimilislausra.

ÍTALÍA, AP Um 150 manns fórust er harður jarðskjálfti reið yfir Mið-Ítalíu í fyrrinótt, sá mannskæðasti í landinu í þrjá áratugi. Á annað þúsund manns eru slasaðir eftir skjálftann og tugþúsundir íbúa á hamfarasvæðinu heimilislausar. Forsætisráðherra Ítalíu, Silvio Berlusconi, lýsti yfir neyðarástandi og björgunarveitir hvaðanæva að á Ítalíu voru kallaðar til hjálpar. Jarðskjálftinn var 6,3 á Richter og átti upptök sín í fjallahéraðinu Abruzzo í miðhluta Ítalíu, um 100 kílómetra norðaustur af Róm.

Björgunarfólk vann hörðum höndum að því í gær að reyna að ná út fólki úr rústum hruninna og hálfhrunnna bygginga. Þar á meðal úr stúdentagarði í héraðshöfuðstaðnum L'Aquila þar sem talið var að helmingur íbúa væri fastur í rústunum. Íbúar hans sem komust út á hlaupum fylgdust með.
„Ég var í rúminu, það var eins og skjálftinn ætlaði aldrei að hætta og ég heyrði byggingarnar hrynjá í kringum mig," sagði Luigi Alfonsi, íbúi stúdentagarðsins.
L'Aquila er illa farin eftir skjálftann en hún er í um sjötíu kílómetra fjarlægð frá upptökunum. Auk þess urðu þorp í nágrenni hennar mjög illa úti, meðal annars jafnaðist bærinn Onno nánast við jörðu. Tjaldbúðum var slegið upp í nágrenni borgarinnar fyrir þá sem misst hafa heimili sín.
Borgarstjóri L'Aquila, Massimo Cialente, sagði um hundrað þúsund manns vera heimilislaus eftir skjálftann og haft var eftir embættismönnum að tíu til fimmtán þúsund byggingar væru ónýtar eða mikið skemmdar. L'Aquila er miðaldaborg og ljóst var í gær að margar fornar byggingar væru ónýtar eftir skjálftann.

Harður jarðskjálfti á Ítalíu

Að minnsta kosti 150 manns létust í jarðskjálftanum sem reið yfir Ítalíu klukkan hálf fjögur í fyrrinótt. Jarðskjálftinn var 6,3 á Richter og átti upptök sín í fjallahénaðinu Abruzzo-héraði rétt norður af borginni L'Aquila.



Á LÍFI Björgunarfólk hlúir að manni sem fannst á lífi í húsarústum í L'Aquila. NORDICPHOTOS/AFP



Í RÚST L'Aquila er illa farin eftir jarðskjálftann og unnu fjölmargir að því að leita í húsarústum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

ALLIR VILJA HJÁLPA

„Ég heyrí í þýrlunum, björgunarveitir héðan eru að leggja af stað til að hjálpa til á jarðskjálftasvæðinu," segir Fífa Larsen í samtali við Fréttablaðið. Fífa, sem búsett er í héraðinu Friuli í norðausturhluta Ítalíu, segir fólk ekki tala um annað en jarðskjálftann og fylgjast grannt með tíðindum. „Hér í Friuli vilja allir hjálpa til því fólk er enn í fersku minni hjálpsemi fólks eftir mjög harðan og mannskæðan jarðskjálfta sem hér varð á áttunda áratugnum." Fífa ætlar sjálf að gefa blóð í dag og segir fólk mjög tilbúið að gefa peninga til uppbyggingarstarfs. Marga langaði helst til að rjúka af stað og hjálpa til við að grafa fólk úr rústum, en yfirvöld hafi bent á að beta væri að aðstoða fórnarlömb með öðrum hætti, nóg væri af björgunarfólki á staðnum. „Það er mikið fjallað um það í fréttum núna hversu mörg ný húsrundu í skjálftanum, þrátt fyrir að eiga að vera byggð samkvæmt kröfum um byggingar á jarðskjálftasvæðum."



FÍFA LARSEN sigridur@frettabladid.is

Jarðskjálftafræðingurinn Gioacchino Giuliani varaði við hættunni á hörðum skjálfta á þessum slóðum, síðast í síðustu viku. Hann gagnrýndi yfirvöld harðlega í gær fyrir að hafa hunsað

viðvörðunina. Embættismenn gerðu lítið úr þessu í gær og sögðu vísindalega ómögulegt að spá fyrir um jarðskjálfta. Vægir skjálftar hafa riðið yfir svæðið undanfarið. Samúðarkveðjum rigndi yfir

ítölsku þjóðina í gær vegna hörmunganna. Forseti Íslands sendi hinum ítalska starfsbróður sínum, Giorgio Napolitano, samúðarkveðjur sínar og íslensku þjóðarinnar.

N1

Ef varahluturinn er til - þá er hann til hjá okkur.

Nýttu þér framúrskarandi þekkingu og þjónustu ásamt úrvalinu á stærsta varahlutalager landsins fyrir allar tegundir bíla.

Gerðu vel við bílinn þinn!

VARAHLUTIR
3 ÁRA
ÁBYRGÐ

N1 440 1000 N1.IS

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson
veðurfræðingur

HORFIR Á SKÍRDAG OG FÖSTUDAGINN LANGA

Á skírdag eru horfur á allhvarstri norðaustan átt á Vestfjörðum með snjókomu. Annars staðar verður vindur hægari með éljum nyrðra en skúrum vestan til. Bjart verður suðaustan og austan til. Á föstudaginn langa verður svipað veður nema að þá verður úrkoma eystra en nokkuð bjart sunnanlands. Kólnandi.

Á MORGUN
15-23 m/s á Vestfjörðum, annars hægari.

SKÍRDAGUR
13-15 á Vestfjörðum, annars mun hægari.

HEIMURINN

Alicante	20°
Amsterdam	16°
Basel	22°
Berlín	23°
Billund	18°
Eindhoven	19°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	21°
London	14°
New York	10°
Orlando	18°
Osló	9°
París	14°
Róm	20°
Stokkhólmur	14°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Allt fyrir viðhaldið

EKKERT VERKEFNI

ER OF STÓRT

EDA LÍTIÐ!



KJÖRKASSINN



Ætlarðu á skíði um páskana?

Já 9%
Nei 91%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Átt þú páfagauk?

Segðu skoðun þína á Vísir.is

VÍSIR

Um 120 frumvörp liggja fyrir Alþingi en fá verða að lögum fyrir kosningar:

Samstaða um brýnustu málin

ALÞINGI Þingmenn eru flestir sammála um að ekki megi ljúka þingstörfum fyrir en tiltekin brýn frumvörp, önnur en stjórnarskrármálið sem nú er þæft á hverjum þingfundinum á fætur öðrum, hafa verið afgreidd sem lög. Um 120 frumvörp liggja nú fyrir Alþingi en ljóst er að aðeins lítil hluti þeirra verður að lögum fyrir kosningar.

Formenn og varaformenn þingflokka eru sammála um mörg málanna sem nauðsynlegt að afgreiða fyrir kosningar. Þar ber hæst greiðsluáðlögun fasteignaveðlana og hækkun vaxtabóta. Fréttablaðið spurði þá hvaða mál væru í forgangi að þeirra mati.

HVAÐA MÁL ERU Í FORGANGI?

Arnbjörg Sveinsdóttir, Sjálfstæðisflokkur

- Greiðsluáðlögun fasteignaveðlana
- Hækkun á vaxtabótum
- Álver í Helgúvík
- „Íslenska ákvæðið“ í Kyoto-bókuninni
- Hvalveiðar

Grétar Mar Jónsson, Frjálslynda flokkur

- Frumvarp Frjálslyndra um innköllun fiskveiðiheimilda
- Álver í Helgúvík
- Greiðsluáðlögun fasteignaveðlana
- Hækkun á vaxtabótum

Álfheiður Ingadóttir, Vinstri grænum

- Greiðsluáðlögun fasteignaveðlana
- Bann við nektardansi og kaupum á vændi
- Hækkun vaxtabóta
- Slitameðferð fjármálafyrirtækja
- Aukið gagnsæi í hlutaskrá
- Leiðrétting á skaðabatalöggjöf varðandi tjonabætur

Lúðvík Bergvinsson, Samfylkingu

- Hækkun vaxtabóta
- Greiðsluáðlögun fasteignaveðlana
- Álver í Helgúvík

- Stofnun eignaumsýslufélags
- Frumvarp um aðgerðir til að draga úr möguleikum á skattsvikum
- Bann við nektardansi og kaupum á vændi
- Slitameðferð bankanna

Sív Friðleifsdóttir, Framsóknarflokkur

- Hæri vaxtabætur
- Slitameðferð bankanna
- Álver í Helgúvík
- Greiðsluáðlögun fasteignaveðlana
- Bann við nektardansi og kaupum á vændi

Hemlar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

PÁSKATILBOÐ

15% afsláttur af allri frystivöru
Stór humar-humarsúpa prinsins
tigrisrækjur-stór hörpudiskur
og margt fleira

VILLTUR LAX



Þú getur alltaf treyst
á prinsinn

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
www.hafid.is

THULE

Hjólafestingar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is



RÓLEGT Umsvif á hafnarbakkanum eru nú minni en oft áður, enda hefur innflutningur dregist verulega saman. En útflutningsatvinnuvegirinn eiga líka undir högg að sækja sökum lækkandi sölulverðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Staða efnahagsmála verri en talið var

Horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar voru verri um miðjan mars en í lok janúar. Þetta sýnir fundargerð peningastefnufndar Seðlabankans. Seðlabankinn tekur ákvörðun um breytingu stýrivaxta á morgun.

EFNAHAGSMÁL Horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar voru verri á vaxtaákvörðunardegi Seðlabankans 19. mars en við stýrivaxtaákvörðun 29. janúar.

Þetta má lesa úr fundargerð peningastefnufndar Seðlabanka Íslands, frá 17. og 18. mars. Þar er gerð grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar um eins prósentustigs lækkun stýrivaxta 19. mars og forsendum þeirra.

Um miðjan mars var eftirspurn í heiminum orðin minni en gert hafði verið ráð fyrir, efnahagskreppan hafði dýpkað á heimsvísu og vaxtarhorfur helstu viðskiptalanda Íslendinga versnað.

Áhrif þessa komu fram í lægra verði fyrir helstu útflutningsafurðir. Í fundargerðinni segir að spád sé að verð á áli fyrir árið 2009 verði um átta prósentum lægra en áætlað var í janúar. Þá

sýni ný gögn um sjávarútveginn að spáin í janúar hafi byggt á of mikilli hjartástandi. Fiskverð hafi lækkað um fjögur prósent milli mánaða í janúar og hafi haldið áfram að lækka í febrúar og mars.

Endurskipulagning innlenda bankakerfisins gekk hægar en ætlað var samkvæmt fundargerðinni. Útlán innlánsstofnana frá bankahruninu hafi verið nánast engin. Þá hafi gengi krónunnar veikst, eftir hækkun í byrjun ársins.

Í fundargerðinni kemur fram að þjóðarþúskaþurinn aðlagist hratt, sem endurspeglar sveigjanleika hans. Verðbólguþrýstingur muni óðum hverfa og verðlag verða stöðugt á meðan gengið helst til-
tölulega stöðugt.

Peningastefnufndin var sammála um að við núverandi aðstæður væri mikilvægast að tryggja

gengisstöðugleika. Því var tekin ákvörðun um hóflega lækkun stýrivaxta, úr átján prósentum í sautján. Það hafi verið viðeigandi með hliðsjón af hugsanlegum neikvæðum áhrifum af slökun peningastefnu á stöðugleika krónunnar.


Birting fundargerða í kjölfar stýrivaxtaákvörðunar er nýmæli. Í nýjum lögum um Seðlabankann frá því í febrúar er kveðið á um að þær skuli birta tveimur vikum eftir hverja ákvörðun.

Í peningastefnufnd Seðlabankans sitja Þórarinn G. Pétursson, starfandi aðalhafgræðingur Seðlabankans, Svein Harald Öygard seðlabankastjóri og Arnór Sigvatsson aðstoðarseðlabankastjóri. Að líkindum funda þeir nú stíft, enda viðbótavaxtaákvörðunardagur á morgun.

holmfridur@frettabladid.is

Neytendur: Það er ekki árið 2007 lengur

Tími ódýrra veitingastaða



DR. GUNNIR
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Það besta við kreppuna er að flotræfilshátturinn þykir nú hallærislegur. Þeir sem eru sanngjarnir og sniðugir eru líklegri til að lifa af en þeir sem halda að það sé 2007 ennþá. Ingjalður Arnþórsson ferðaskipuleggjandi hafði samband og er himinlifandi með tilboði „1.000 kallinn“ á hinum gamalgróna Bauta á Akureyri. „Þar er boðið upp á fjóra rétti, alla á 1.000 krónur. Þú getur valið milli hamburgara, kjúklingaspjóts, mínústeikur og/eða pasta með kjúklingi, og allt meðlætið fylgir með.“ skrifar hann. „Ég varð alveg yfir mig hrifinn.



BAUTINN Á AKUREYRI

íð“ sem ég fékk mér kostar ekki nema 750 kr. og var ljómandi máltíð. Tandoori-kjúklingur kostar um 1.500 kr. og pitsurnar rúmlega 1.000 kr. Svona á að gera þetta!

Nákvæmlega svona finnst mér að veitingastaðir eigi að gera þetta. Lækka verðið nógu mikið til að fólk hafi efni á að borða þarna og fá vita-skuld fullt hús af gestum í staðinn.“ Talandi um fína veitingastaði þar sem gott verð og góður matur fylgist að verji ég sjálfur að mæla með hinum nýja veitingastað Saffran í Glæsibæ. Þar er snyrtilegt og flott og matseðillinn er fullur af hollum og gómsætum mat, meðal annars heilsuþökum, „naanwich“, salötum og réttum úr tandoori-ofni. Það besta er svo verðið. „Naanwich-ið“ sem ég fékk mér kostar ekki nema 750 kr. og var ljómandi máltíð. Tandoori-kjúklingur kostar um 1.500 kr. og pitsurnar rúmlega 1.000 kr. Svona á að gera þetta!

Flottar fermingargjafir í Sense Center Kringlunni

Glæsilegt úrval af myndavélum, linsum, vídeóvélum, prenturum, fjölnota prenturum, skönnum, blekhyllkjum, ljósmyndapappír og aukahlutum.



Canon EOS 1000D m/ EF-S 18-55 3.5-5.6 linsu
Leiðin að þinni sköpun - Verðlaunuð af EISA

- 10.1 megapixla CMOS sensor.
- Þrjár rammar á sekúndu í samfelldri myndatöku.
- 7 punkta fókuskerfi.
- Innbyggt Canon rykhreinsikerfi.
- 2.5" LCD skjár með Live View.
- DIGIC III örgjörvi tryggir viðbrögð og myndgæði.
- EF-S 18-55 3.5-5.6 linsa fylgir með.

Verð aðeins 94.900 kr.



Bose SoundDock
Fágað og nýtskulegt hljómtæki sem er sérstaklega hannað fyrir iPod

- Frábær hljómgæði.
- Hleður iPodinn.
- Fjarstýring fylgir.

Verð áður 69.900 kr. Tilboð 49.900 kr.



Bose around-ear heyrnartól
Alvöru hljómgæði hvar og hvenær sem þér hentar

- Dýpra og tærara hljóð með TriPort tækninni.
- Hönnuð til að veita hámarks þægindi.
- Taska fylgir til að veita heyrnartólunum vernd í ferðalögum.

Verð áður 24.900 kr. Tilboð 19.900 kr.



Canon PowerShot E1 & taska
Glæsileg fermingargjöf fyrir stelpurnar

- 10.0 megapixla sensor - Hægt að prenta út A3+.
- 4x optical aðdráttur m/ Image Stabilizer (hristivörn).
- DIGIC III örgjörvinn dregur úr suði og veitir hraða.
- Face Detection & Red-Eye Correction tækni.
- 17 tókustillingar, sbr. Black, White og Sepia.
- Motion Detection tækni segir bless við blörr.
- 2.5" LCD skjár & VGA upptaka & AA rafhlöður.

Verð áður 38.890 kr. Tilboð 29.900 kr.



Canon PIXMA iP2600 prentari
Fyrir skóla- og heimaverkefni & vefútprintanir

- Canon FINE prenthaus & 2 píkólítra dropastærð.
- 4800x1200dpi prentupplausn.
- Auto Image Fix lagar myndirnar sjálfvirk.
- Easy-Photo Print EX hugbúnaður fylgir með.
- ChromaLife 100 og myndir endast í allt að 100 ár.
- Prentar 22 bls. á mín. í sv. / 17 bls. á mín. í lit.
- Hagkvæmur í rekstri - auðvelt að skipta um hylki.

Verð aðeins 10.900 kr.



Lenovo IdeaPad S10e
Smávaxin snilld sem hefur farið sigurför um heiminn

- Vegur aðeins 1,2kg.
- 160 GB diskur.
- 10,1" skjár.
- Innbyggð vefmyndavél.

Verð 89.900 kr.

VEISTU SVARIÐ?

1. Heima hjá hverjum voru sjö mótmælendur handteknir á sunnudag?
2. Hvað heitir ný mynd Júlíusar Kemp, sem hætt hefur verið við að frumsýna á Cannes?
3. Hvaða táningur tryggði Manchester United sigur á Aston Villa um helgina?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Héraðsdómur Suðurlands:

Meindýraeyðir höfðar mál og krefst bóta

DÓMSMÁL Jóhannes Þór Ólafsson, meindýraeyðir á Selfossi, hefur höfðað mál gegn sveitarfélaginu Árborg og Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða.

Jóhannes krefst bóta vegna tjóns sem hann segir að hafi orðið á iðnaðarhúsnæði Meindýravarna Suðurlands þegar sprengt var fyrir áveituskurði við Gagnheiði á Selfossi. Jóhannes segir að hitalagnir séu hættar að virka, sprungur séu í gólfu og að það leki meðfram gluggum.

Auk ofangreindrar málsóknar undirbýr Jóhannes Þór mál gegn Viðlagasjóði vegna tjóns sem varð á klæðningu íbúðarhúss hans í jarðskjálftanum í fyrra.

- th



BJÖRGUNARÞYRLUR TF-LÍF á flugi en TF-SIF á jörðu niðri. SIF þurfti að nauðlenda í sjónum við álverið í Straumsvík í júlí 2007. Mannbjörg varð.

Sjóbjörgun möguleg í um 120 daga á ári

Það kostar um 120 milljónir á ári að halda þrem þyrfluflugmönnum hjá Gæslunni. Brotthvarf þeirra í sumar og haust þýðir mjög skerta björgunargetu.

ÖRYGGISMÁL Aðeins ein þyrfluáhöfn verður á vakt í tuttugu daga í hverjum mánuði eftir að uppsagnir þriggja flugmanna taka gildi í sumar og haust. Þessa tuttugu daga getur Landhelgisgæslan (LHG) ekki sinnt neyðarköllum skipa sem eru lengra en tuttugu sjómíflur frá landi.

Sigurður Heiðar Wiium, yfirflugstjóri hjá LHG, segir björgunargetu flugrekstrardeildar LHG skerðast verulega vegna uppsagnanna sem boðaðar hafa verið, en um þrjá yngstu flugmenn LHG er að ræða. „Það er verið að sníða stakkinn afar þröngt og eftir að uppsagnirnar taka gildi má ekkert út af bregða. Þetta þýðir að tvo þriðju af tímanum erum við bara með eina áhöfn á vakt.“ Vaktakerfi flugmanna er þannig byggt upp að ein þyrfluáhöfn verður á vakt í átta daga af hverjum tólf. Þá fjóra



SIGURÐUR HEIÐAR WIIUM

daga sem hægt er að senda tvær þyrflur er ekki tekið tillit til þess möguleika að tvær þyrflur verði frá vegna bilana eða annarra orsaka. Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær hefur sú staða komið upp í níu daga á þessu ári. Þá er ótalið að þyrflur sinna einnig eftirliti á hafsvæðinu við Ísland, en það dregst einnig saman.

Flugáhafnir LHG hafa ályktað um öryggismál sín vegna breyttra rekstraráætlana. Kemur fram að ekki verði vikið frá þeim öryggisreglum sem starfað hefur verið eftir. Því verður ekki flogið lengra en tuttugu mílur á haf út þegar

aðeins ein þyrfla kemst í loftið. Hins vegar er hægt að fara í björgunarflog yfir landi í öllum tilvikum.

Þýðing þessa er einfaldlega sú að ef skip lendir í sjávarháska utan tuttugu sjómílna mun ekki verða hægt að koma þeim til aðstoðar, án þess að brjóta öryggisreglur LHG. Í ályktun flugmannanna kemur fram að ekki verði gefinn afsláttur á öryggi áhafna björgunarfyrirna. „Við verðum að hafa tryggingu fyrir því að hægt sé að bjarga áhöfn þyrflu ef illa fer,“ segir Sigurður Heiðar. Miðað er við að hægt sé að koma áhöfninni til bjargar innan þriggja klukkustunda en ólíklegt er að maður lifi lengur í sjó við Ísland, þrátt fyrir sérstakan hlífðarfatnað. Fjögur slysl erlendis á þessu ári, nokkur á þyrflum sömu tegundar og LHG notar, segir Sigurður að sýni hversu áhættan er mikil.

svavar@frettabladid.is

Frumgerð í París: Frelsisstytta flutt úr stað

PARÍS, AP Frumgerðin af Frelsisstyttni var í gær fjarlægð úr heimkynnum sínum í Lúxemborgargarðinum í París, skammt frá franska þinghúsinu, og flutt í útjaðar borgarinnar þar sem stendur til að sýna styttna gestum og gangandi.



FRELSISSTYTAN Í NEW YORK

Styttna, sem er nærri þrjú metrar á hæð og vegur um tvo tonn, var gerð af franska höggmyndalistamanninum Frederic Auguste Bertholdi, árið 1870. Bertholdi var einnig, ásamt verkfræðingnum Gustave Eiffel, maðurinn á bak við smíði hinnar Frelsisstyttnar sem staðið hefur við höfnina í New York síðan 1886.

- kg

Tímamót á skurðarborðinu:

Nýtt andlit og báðar hendur

PARÍS Fjöldi lækna, sem unnu í mörgum hópum í yfir þrjátíu klukkustundir, framkvæmdu um helgina fyrstu aðgerðina sem vitað er um þar sem hluti úr andliti og báðar hendurnar eru græddar samtímis á mann. Aðgerðin var framkvæmd á Henri Mondor-sjúkrahúsinu í Creteil, úthverfi Parísar.

Þetta mun vera í fyrsta sinn sem efri hluti andlits; höfuðleður, enni, nef, eyru og augnhár, er græddur á sjúkling. Hann brenndist illa í slysi árið 2004.

- kg

Fullkomið verslunarkerfi fyrir aðeins 36.078 kr. á mánuði*

ERTU MEÐ RÉTTA VERSLUNARKERFIÐ?

Nú býðst þér einstakt tækifæri á að koma rekstrinum í enn betra horf með LS Retail. Þú færð fullkomið verslunar- og viðskiptakerfi fyrir aðeins 36.078 kr. á mánuði*.

Með LS Retail verslunarkerfi færð þú:

- Microsoft Dynamics NAV
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamanna- og sölubókhald
- Innkaupa- og birgðabókhald
- Forðabókhald
- LS POS verslunarkassahugbúnað
- Beinar bókanir úr kassa í fjárhag

LS Retail er kjörið fyrir aðila í leit að lausn sem fljótlegt er að koma í gagnið, einfalt að nota og hagkvæmt í rekstri. Með LS Retail gefst þér kostur á að halda rekstrarkostnaði í lágmarki með hýsingu á kerfinu hjá Landsteinum Streng, stærsta hýsingaraðila Microsoft Dynamics hugbúnaðar á Íslandi. LS Retail er notað í meira en 25 þúsund verslunum, á 50 þúsund kössum út um allan heim og er án efa eitt fullkomnasta verslunarkerfi á markaðnum í dag.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar í síma 550 9000 til að fá nánari upplýsingar.



Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics



LANDSTEINAR STRENGUR

Ármúla 7 · 108 Reykjavík · Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is

Okkar þekking - þitt forskot!

*Verð er án vsk. og miðast við einn samtíma notanda í bakvinnslu og einn LS POS Verslunarkassi. Vélbúnaður er ekki innifalinn í verði.

APRÍL TILBOÐ

**35%
AFSLÁTTUR!**

Prýstijöfnunar-
svamprúm
Queen size (153x203)
Verð 165.500 kr.

NÚ 107.575 kr.

ÞÝSTIJÖFNUNARSVAMPUR

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Hefur óviðjanfnanlega þyngdardreyfingu
- Það er engin hreyfing milli svefnsvæða
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

**30%
AFSLÁTTUR!**

Leður rúmstæði með
laxex heilsudýnu
(160x200)
Verð 247.180 kr.

NÚ FRÁ 173.026 kr.

**25%
AFSLÁTTUR!**

20-30% AFSLÁTTUR

**AF FJÖLSTILLANLEGUM
HEILSURÚMUM**

(2x80x200)
Hægt er að velja um nokkrar
gerðir af heilsudýnum

VERÐ FRÁ 199.000 kr.

20-30% AFSLÁTTUR

AF SVEFNSÓFUM

Einn stæðsti og glæsilegasti
svefnsófa-sýningarsalur landsins

VERÐ FRÁ 37.840 kr.

HEILSUKODDAR
FRÁ 7.900 kr.

SÆANGURFATNAÐUR
FRÁ 5.300 kr.

Með öllum keyptum rúmum er
25% AFSLÁTTUR af öllum vörum
í mjúku deild Rekkjunnar

rekkjan



BRUGÐIÐ Á LEIK Meðlimir Alþjóða náttúruverndarsamtakanna WWF komu fyrir sextán hundruð pappirspöndum í Nantes í Frakklandi til að tákna þann fjölda pandadýra sem talið er að til séu í heiminum. Pöndurnar freistuðu ungra stúlkna. NORDICPHOTOS/AFP

AGS mælir með einhliða upptöku evru í sumum Evrópulöndum en ekki hér:

Einhliða upptaka ekki rædd

ALÞINGI Íslensk stjórnvöld hafa ekki rætt um það við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að taka einhliða upp evru hér á landi. Þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra á Alþingi í gær.

Tilfnið var fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um málið. Sigurður vísaði til skýrslu AGS, sem breska blaðið Financial Times hefur birt upplýsingar úr, þar sem sjóðurinn ráðleggur ESB-ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu sem hafa orðið verst úti í kreppunni að skipta gjaldmiðli sínum út fyrir evru án þess að ganga í myntbandalagið.

Sigurður spurði Steingrím að



ALLT ÖNNUR STAÐA Steingrímur sagði Ísland í allt annarri stöðu en löndin í Mið- og Austur-Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

því hvort viðræður af þessu tagi hefðu átt sér stað við AGS hér

og hvort leið sem þessi kæmi til greina fyrir Íslendinga.

Steingrímur svaraði því til að staða umræddra landa væri ósambærileg stöðu Íslands. Þetta væru lönd sem þegar væru aðilar að Evrópusambandinu. Þau hefðu verið að bíða eftir að fá að taka upp evru og mörg hver þegar tengt gjaldmiðil sinn við evruna. Þau hefðu þurft að verja stórum hluta gjaldeyrisvaraforða síns í að verja þá tengingu.

Sigurður Kári sagði athyglisvert að þessi möguleiki, sem mælt væri með hjá öðrum ríkjum, hefði ekki verið ræddur við Íslendinga.

-sh

Framkvæmdir boðnar út: Ofanflóðavörn-um hraðað

UMHVERFISMÁL Ofanflóðanefnd hefur óskað eftir heimild fjármálaráðuneytisins til að bjóða út framkvæmdir við varnargarða í Neskaupstað og Ólafsfirði. Er það gert í kjölfar tillögu Kolbrúnar Halldórsdóttur umhverfisráðherra, sem samþykkt var í ríkisstjórn, að framkvæmdum við ofanflóðavarnir yrði hraðað. Þetta kemur fram í tilkynningu frá umhverfisráðuneytinu.

Umhverfisráðherra lagði til við ríkisstjórn að tæpum 1.100 milljónum króna yrði varið í ofanflóðavarnir til viðbótar við þær 700 milljónir sem ákveðið var að veita samkvæmt fjárlögum. -kg

Obama í Tyrklandi:

Minntist ekki á þjóðarmorð

ANKARA, AP Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, tók sér ekki orðið þjóðarmorð í munn þegar hann talaði um umfangsmikil dráp á Armeníumönnum á síðustu árum Ottóman-veldisins, í ávarpi sínu



BARACK OBAMA

fyrir framan tyrkneska þingmenn í gær. Obama var staddur í Tyrklandi í opinberri heimsókn.

Obama staðhæfði á síðasta ári að drápin, sem áttu sér stað fyrir nærri öld, jafngiltu þjóðarmorði. Forsetinn gætti sín að nota ekki orðið þjóðarmorð í gær, en hvatti þess í stað Tyrki til að leysa ágreiningsmál sín við nágrennaríkið Armeníu. -kg

New York Times fjallar um hörundsára Íslendinga:

Klunnalegir með músarlitt hár

BANDARÍKIN Í sunnudagsútgáfu dagblaðsins The New York Times fjallar blaðamaðurinn Brian Stelter, sem skrifar um fjölmiðla, um grein sem skrifuð var í tímaritið Vanity Fair um ástandið á Íslandi eftir bankahrunið.

Rithöfundurinn Michael Lewis skrifaði greinina í Vanity Fair en hann er meðal annars þekktur fyrir bók sína Liar's Poker, sem fjallar um ástandið á Wall Street á níunda áratugnum.

Stelter segir að greinin í Vanity Fair hafi vakið hörð viðbrögð á Íslandi, sérstaklega í bloggheiminum.

„Kannski kunnu Íslendingar því illa að vera sagðir klunnalegir

og með músarlitt hár,“ segir Stelter. „Kannski vildu þeir ekki að þjóðsögur um huldufólk væru prentaðar í virtu tímariti eða kannski skammtast þeir sín bara fyrir efnahagslegt fall þjóðfélagsins.“

Í símaviðtali við Stelter segir Lewis að í greininni hafi hann verið að reyna að sýna fram á að Ísland væri yndislegt og áhugavert þjóðfélag sem í fáein ár hafi villst af leið. „Ég býst við því að það hafi verið smá háðung í greininni. Hún var hins vegar hvorki óverðskulduð né fjandsamleg,“ segir Lewis. -th

GREININ Í NEW YORK TIMES

Michael Lewis segir að greinin í Vanity Fair hafi hvorki verið óverðskulduð né fjandsamleg.



HELGVÍK Framkvæmdir við álverið eru komnar á veg en ekki var mikið um að vera á framkvæmdasvæðinu þegar ljósmyndari átti leið hjá síðdegis í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR

VG efast um samning við álfyrirtæki sem illa standi:

Norðurál segir fjárhaginn traustan

VIÐSKIPTI Áhyggjur af fjárhagsstöðu Century Aluminiumum eru óparfar, segir Ágúst F. Hafberg hjá dótturfyrirtækinu Norðuráli en minnihluti iðnaðarnefndar Alþingis gerir tap fyrirtækisins á síðasta ári að umtalsefni í nefndaráli.

Í nefndaráli minnihluta Vinstri grænna um frumvarp til samninga við Norðurál – Century Aluminium Corporation um álver í Helguvík er bent á mikla lækkun hlutabréfa í móðurfyrirtækinu nýverið auk taps á síðasta ári og lokun álvers í Bandaríkjunum vegna lágs heimsmarkaðsverðs á áli.

Minnihlutinn hefur auk þess áhyggjur af því að samningurinn við Norðurál geti runnið til kröfuhafa og gengið kaupum og sölum,

fari móðurfyrirtækið á hausinn.

Þessar ályktanir byggja að mati Ágúst á misskilningi. Móðurfyrirtækið hafi vissulega tapað fé á síðasta ári en það tap skýrist af uppgjöri á framvirkum samningum auk afskrifta á skattainnign. Ekki hafi verið tap á rekstri fyrirtækisins. Auk þess hafi móðurfyrirtækið aukið við eigið fé sitt samanlagt um 1.060 milljónir dollara árið 2008 og 2009.

Álverinu sem hafi verið lokað í Bandaríkjunum hafi verið hálfar aldar gamalt og óhagkvæmt eftir því. Ný álver séu mun hagkvæmari og framlegð þeirra miklu meiri. „Álverið á Grundartanga er með best reknunni álverum í heimi og Norðurál stendur mjög vel, er skuldaust fyrirtæki.“ -sbt

Úrslit kynnt í þingkosningum í Moldóvu:

Kommúnistar sigruðu

MOLDÓVA, AP Kommúnistaflokkurinn í Moldóvu, sem heldur þar um stjórntaumana, fór með sigur af hólmi í þingkosningum sem fram fóru í landinu á sunnudag, samkvæmt opinberum úrslitum sem tilkynnt voru í gær.

Kommúnistar fengu samkvæmt því 49,9 prósent greiddra atkvæða. Framámenn flokksins segja að hann styðji nánari tengsl bæði við Rússland og Evrópu.

Tveir stjórnarandstöðuflokkar, sem báðir beita sér fyrir nánari tengslum í vestur, fengu samtals um 35 prósent atkvæða.

Meirihluti Moldóvubúa er rúmenskur að uppruna, en frá því að landsvæðið var innlimað í Sovétríkin árið 1940 hefur það verið í nánun tengslum við Rússland. -aa



SOVÉTARFLEIÐ Kommúnistar fara með völd í þessu fátækasta landi Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fermingargjöf sem gefur

Fermingskeyti eða gjafabréf frá Hjálparstarfi kirkjunnar er gjöf sem heldur áfram að gefa. Fermingarbarnið fær skeytið eða bréfið í hendurnar en andvirðið rennur til jafnaldra fermingar barnsins sem býr við fátækt.

Sendu skeyti, það kostar 1.990 kr.
Eða gefðu fermingargjafabréf að upphæð 5.000 kr.

Þú færð skeytin og gjafabréfin á www.gjofsemgefur.is eða pantar þau á skrifstofunni okkar, 528 4400. Þú prentar út, sækir til okkar – eða við sendum fyrir þig. Einfalt og gleðilegt.



Óskalistinn minn:

Rúm
Myndavél
Svefnpoki
iPod
Vefmyndavél
Handklæði
Teppi
Orðabók
Hálsmen
Svo væri gaman að fá pening og „Gjöf sem gefur“. Mig langar til að einhver sem er ekki eins heppinn og ég fái að njóta með mér.



Óskalistinn minn:

Við systkinin erum munaðarlaus. 1.990 kr. fermingarskeyti á Íslandi dugar fyrir 4 hænum. Þær gefa okkur fullt af eggjum. Eða við gætum fengið sparhlóðir. Þá færi ekki allur dagurinn í að leita að eldsneyti og við hefðum meiri tíma til að læra.

5.000 kr. gjafabréf á Íslandi myndi gefa okkur 2 geitur. Namm! Mjólk og kjöt, ekki lengur bara maísgrautur! Eða kannski reiðhjól. Þá kæmist ég á markað með uppskeruna okkar og við fengjum pening fyrir ýmsu sem okkur vantar.

Forseti Srí Lanka: Ekki vopnahlé við Tamíltígra

SRÍ LANKA, AP Mahinda Rajapaksa, forseti Srí Lanka, útilokaði í gær að samið yrði um vopnahlé við Tamíltígra. Enn fremur beindi forsetinn þeim skilaboðum til meðlima hópsins að uppgjöf væri eina mögulega leiðin fyrir þá til að bjarga lífum sínum og tugþús- unda óbreyttra borgara.

Tala fallinna Tamíltígra fór upp í 453 hið minnsta í gær, eftir þriggja daga átök. Tamíltígrar hafa verið króaðir af á tuttugu ferkílómetrum lands á norðaustur- ströndinni. Ríkisstjórnin hafði áður lýst því yfir að það svæði væri gríðastaður óbreyttra borg- ara fyrir átökunum. - kg

Umboðsmaður segir brotið á líkamsárásarmanni sem var vísað úr landi: Fékk ekki færni á andmælum

STJÓRNSÝSLA Dómsmálaráðuneytið á að taka aftur fyrir mál karl- manns frá Venesúela sem Útlend- ingastofnun vísaði úr landi eftir að hann hafði lokið afplánum dóms fyrir líkamsárás. Þetta segir umboðsmaður Alþingis.

Maðurinn á íslenska unnustu og búa þau nú saman í Venesúela. Hann kom til Íslands í maí 2006. Í byrjun ágúst sama ár lenti hann í áflogum á skemmtistaðnum í Traffic í Keflavík og skar þar illa með flösku Bandaríkjamann úr varnarliðinu. Venesúelamaður- inn hlaut átján mánaða fangelsis- dóm en þar af voru fimmtán mán- uðir skilorðsbundnir. Á meðan

hann afplánaði á Litla-Hrauni barst honum bréf á ensku frá Útlendingastofn- un. Þar kom fram að honum væri vísað úr landi og mætti ekki koma aftur næstu sjö árin. Ef hann væri með athuga- sendir hefði hann þrjú daga til að skila greinargerð.

Venesúelamaður- inn kærði máls- meðferðina til dómismálaráðuneytisins, sem nauðsynleg svör frá Útlendinga- stofnun.



Skorinn lífshættulega með brotni glerflösku

Ráðit var á bandaríska hermann við dómstjórnina Traffic í Keflavík. Maðurinn var skotin lífshættulega en kom sér sjálfur á sjúkrahús. Fimm söru handhöfvar vegna málsins. Þetta er þriðja hættulega líkamsárás á dómstjórnarmann á áttu ári.

Útlendinga- stofnunar. Þá vísaði maðurinn málinu til umboðsmanns Alþingis, sem nú hefur kveðið upp úr um að andmæla- réttur hafi verið brotinn á mannin- um með því að hann hafi ekki fengið tülk og allt of stuttan tíma til andsvara. Ráðuneytið fær síðan ákúrur fyrir að hafa ekki sótt

Forsætisráðherra Ísraels: Minntist ekki á friðarviðræður

JERÚSALEM, AP Benjamin Netan- yahu, forsætisráðherra Ísraels, hét því í gær að vinna með Bandaríkjunum að friði í Mið- Austurlöndum. Netanyahu forð- aðist þó að víkja orðum sínum að friðarviðræðum milli Ísraels og Palestínu eða von Baracks Obama Bandaríkjaforseta um að palestínskt ríki yrði að veruleika.

Í ræðu sinni á tyrkneska þing- inu í gær sagði Obama að stjórn hans myndi vinna að ofanefnd- um markmiðum. „Bandaríkin styðja heilshugar það markmið að ríkin tvö, Ísrael og Palestína, geti lifað hlið við hlið í friði og öryggi,“ sagði Obama. - kg

Ungbarnadauði: Einna lægst hlutfall hér

SAMFÉLAGSMÁL Ungbarnadauði hefur verið lágur hér á landi miðað við önnur lönd undanfari- ðinn áratug. Í fyrra dóu ellefu börn á fyrsta ári hér á landi. Það þýðir að af hverjum þúsund lif- andi fæddum börnum dóu að meðaltali 2,5 börn. Þetta kemur fram hjá Hagstofnunni.

Á Norðurlöndunum er hlutfall ungbarnadauða einungis lægra í Svíþjóð, eða 2,2. Ungbarna- dauði er 2,7 af hverjum þúsund í Finnlandi, 3,2 í Noregi og 4,0 í Danmörku. Ungbarnadauði hefur lækkað jafnt og þétt hér á landi úr 27,3 börnum árið 1951 niður í tæp þrjú af hverjum þúsund síð- ustu ár. - ghs



TF-SIF Ein allra fullkomnasta björgunar- vél sinnar tegundar. MYND/LHG

Bylting í öryggismálum: TF-SIF tilbúin á undan áætlun

ÖRYGGISMÁL Ný flugvél Land- helgisgæslunnar, TF-SIF, kemur til landsins 9. júlí og er það nokkuð á undan áætlun. Smíði flugvélarinnar hefur gengið afar vel miðað við að þarna er á ferðinni fullkomnasta eftir- litsflugvél þessarar tegundar í heiminum.

Vélin er af gerðinni Dash- 8 Q300 og eru sams konar flugvélar notaðar hjá strand- gæslum og eftirlits- og björgunaraðilum víða um heim.

Kaupsamningur var undirrit- aður í maí 2007 og var samn- ingsverð 32,2 milljónir dollara. Allar áætlanir um tíma og verð hafa staðist.

Þjálfun á flugvélina er að hefj- ast og fara fyrstu flugmennirnir utan nú um helgina. - shá

LÍFEYRISMÁL

Bankinn greiðir á móti Kaupþing greiðir 0,3 prósent af inn- eign þeirra sem greiða séreignsparm- að í lífeyrissjóðinn Vista og vegur það upp á móti þeim kostnaði sem sparifjáreigendur verða fyrir í upphafi.

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Meira húsnæði vantar Icelandair hótél á Kirkjubæjarklaustri fær ekki að kaupa einbýlishús í eigu sveitarfélagsins. Sveitarstjórnin segir beiðni Icelandair hotel hins vegar undirstrika þann húsnæðisvanda sem sé á Kirkjubæjarklaustri og nauðsyn þess að byggt verði meira íbúðarhús- næði.

Large red advertisement for Vínbúðin. Text includes: 'Sá kann ekki að segja af súru sem aldrei sýpur nema sætt. Milt er móðurhjarta. Betra er að bjargast við sitt en biðja aðra. Af ávextinum Húsbóndans er auga best. Betra er geymt en gleymt. Allar eikur hafa einhverja rót. Þá verður eik að fava er undir skal búa. Þar grær grasið sem girt er um. Mörg eru dags augu. Gott atlæti er gjöfum betra. Fleira má bíta en feita steik. Sjálfboðið er góðum gesti. Ei skal letja góðan gest er ganga vill. Morgunstund gefur gull í mund. Góður dagur byrjar að morgni. Græddur er geymdur eyrir. Logn er leitað best. Sjaldan fyndast þú einn. Allt er það vænt. Betri er koma góðs gests en kven- þingur. Að kveldi skal lofa. Svo lengi læni sem tili. Morgunstund gefur gull í mund. Góður dagur byrjar að morgni. Grænt. Sá kann ekki að segja af súru sem aldrei sýpur nema sætt. Milt er móðurhjarta. Betra er að bjargast við sitt en biðja aðra. Húsbóndans er auga best. Betra er geymt en gleymt. Allar eikur hafa einhverja rót. Þá verður eik að fava er undir skal búa. Þar grær grasið sem girt er um. Mörg eru dags augu. Gott atlæti er gjöfum betra. Fleira má bíta en feita steik. Sjálfboðið er góðum gesti. Ei skal letja góðan gest er ganga vill. Morgunstund gefur gull í mund. Góður dagur byrjar að morgni. Grænt.

VÍNBUÐIN UM PÁSKANA

Kynntu þér páskaopnun allra Vínbúða á vinbudin.is

AFGREIÐSLUTÍMI VÍNBUÐA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU UM PÁSKANA

Miðvikudagur 8. apríl	OPIÐ 11-19
Laugardagur 11. apríl	OPIÐ 11-18

Skírdagur LOKAÐ
Föstudagurinn langi LOKAÐ
Páskadagur LOKAÐ
Annar í páskum LOKAÐ

MÁN-FÖS
9-20
SKEIFAN - DALVEGUR
SKÚTUVOGUR



MÓTMÆLT HJÁ BIG BEN Um eitt hundrad mótælandur söfnuðust saman fyrir utan þinghúsið í miðborg London í gær til að mótmæla því sem þeir kalla þjóðarmorð á Tamiltigrum á Srí Lanka.

NORDICPHOTOS/AFP

Leiðtogi Afríska þjóðarráðsins: Mál Zuma látið niður falla

SUDUR-AFRÍKA, AP Dómari í Sudur-Afríku lét niður falla spillingarkæru á hendur Jacob Zuma, leiðtoga

Afríska þjóðarráðsins, í gær. Ástæða niðurfellingarinnar var sögð sú að málinu hefði verið hagrætt af pólitískum ástæðum.



ZUMA

Í kjölfarið bendir flest til að Zuma verði næsti forseti Sudur-Afríku. Forsetakosningar verða haldnar í landinu hinn 22. apríl næstkomandi.

Zuma var sakaður um aðild að peningþvætti og fleiri brot. Hann hefur alla tíð haldið fram sakleysi sínu og segist vera fórnarlamb pólitísku samsæris, sem hafi verið skipulagt af andstæðingum sínum innan Afríska þjóðarráðsins.

- kg

Lífeyrissjóðir með svipað tap og aðrir

Íslenskir lífeyrissjóðir mega vel við una, að mati framkvæmdastjóra LL, ef ávöxtunin í fyrra er borin saman við erlenda sjóði. Íslenskir lífeyrissjóðir skilðu neikvæðri ávöxtun upp á 21,5 prósent meðan Belgar töpuðu fjórðungi.

EFNAHAGSMÁL Íslensku lífeyrissjóðirnir skilðu neikvæðri ávöxtun upp á 21,5 prósent í fyrra, miðað við tölur frá Fjármálaeftirlitinu. Margir erlendir lífeyrissjóðir skilðu verri ávöxtun en þeir íslensku gerðu og það þrátt fyrir efnahagshrunið hér á landi. Norski olúsjóðurinn skilaði til dæmis neikvæðri ávöxtun upp á 23,3 prósent og belgískir sjóðir skilðu ávöxtun upp á mínus 25 prósent árið 2008.

Írskir lífeyrissjóðir skilðu neikvæðri ávöxtun upp á 23,3 prósent, meðalávöxtunin hjá OECD-sjóðunum var neikvæð um 19 prósent, stærsti lífeyrissjóðurinn í Hollandi, ABP, skilaði neikvæðri ávöxtun upp á 20,2 prósent og AP3, sem er opinber lífeyrissjóður í Svíþjóð, skilaði 19,8 prósentum í neikvæða ávöxtun svo að dæmi sé nefnd.

Inni í ávöxtun íslensku lífeyrissjóðanna vantar tölur frá nokkrum lífeyrissjóðum. Stærstur þeirra er sennilega Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, LSR. Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, LL, segir að þetta breyti ekki miklu varðandi niðurstöðutöluna. Ekki skipti öllu máli hvort ávöxtunin verði -21,5 eða -22,5 prósent því að hún sé á þessu bili.

„Við getum ekki séð að þetta sé slæmt miðað við allt og allt,“ segir Hrafn, „ekki síst vegna þess að innlendir hlutabréfamarkaður bara hvarf. Hann bara hrundi og þá er þetta alls ekki slæmt.“

Hrafn segir að lífeyrissjóðirnir hafi komið vel út úr efnahagslæðgönni 2000-2002. „Þá stóðum



SKERA SIG EKKI ÚR HÓPNUM Lífeyrissjóðir skilðu neikvæðri ávöxtun upp á fimmtung til fjórðung á síðasta ári víða um heim, líka á Íslandi.

ÁVÖXTUN LÍFEYRISSJÓÐA

	Ávöxtun í %
Belgískir sjóðir	-25
Lífeyrissjóðir í OECD	-19*
Lífeyrissjóðir í heiminum	-18
ATP (danskur sjóður)	-3,2
ABP (hollenskur sjóður)	-20,2
AP3 (sænskur sjóður)	-19,8
Calpers (bandarískur sjóður)	-27,1
Norski olúsjóðurinn	-23,3
British Railways pension scheme	-21,5
Meðaltal verðbréfasafna (í BNA)	-22,5

* Meðalávöxtun í OECD-löndunum fyrstu tíu mánuði ársins 2008.

Heimildir: Vefsíða LL og greinin Um ávöxtun lífeyrissjóða eftir Gunnar Baldvínsson.

við okkur mjög vel. Við vorum með neikvæða ávöxtun upp á 1,9 prósent 2001, 3,0 prósent 2002 og 0,7

í mínus árið 2000. Þetta voru lágar tölur. Þær voru mun hærri erlendis.“

Hrafn bendir á að fyrst 1991 hafi byrjað að koma tölur frá Bankaeftirlitinu um ávöxtun íslensku lífeyrissjóðanna. Ef horft sé á tímabilið frá 1991 til og með 2008 þá komi í ljós að raunávöxtunin sé jákvæð yfir 3,5 prósentum sem sé viðmiðunarmarkmið, „þrátt fyrir svona geysilega slæmt ár eins og var í fyrra“.

Hrafn telur útilokað að ávöxtun lífeyrissjóðanna verði jafn slæm og í fyrra. Það fari þó eftir þróuninni erlendis. „Hún skiptir mestu máli í dag og líka hvernig gengi íslensku krónunnar verður þegar upp er staðið. Ég held að botninum sé náð. Það dettur engum í hug að við fáum svona ár aftur.“

ghs@frettabladid.is

Skil á virðisaukaskatti: Álög felld niður í átta daga

FIÁRMÁL Fjármálaráðuneytið beindi í gær þeim tilmælum til skattstjóra að fellt yrði tíma-bundið niður álag vegna skila á virðisaukaskatti sem voru á gjalddaga í gær, 6. apríl. Niðurfellingin gildir í átta daga, eða til 14. apríl næstkomandi.

Ráðuneytið hefur í tvígang beint sams konar tilmælum til skattstjóra vegna síðustu uppgjörstímabla virðisaukaskatts. Á heimasíðu ráðuneytisins kemur fram að vonir standi til að ekki reynist þörf á frekari tilslökunum vegna skila á virðisaukaskatti á næstu mánuðum.

- kg

Heilbrigðisráðherra: Býður samstarf við starfsfólkið

VINNUMARKAÐUR Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra átti í gær fundi með trúnaðarmönnum verkalyðsfélaga innan

heilbrigðisþjónustunnar, BSRB og SGS, til að ræða stöðu hennar og framtíðarhorfur. Ráðherrann bauð samvinnu við stéttarfélagin.

Útgjöld til heilbrigðismála eru áætluð 120 milljarðar króna. Skera þarf niður um sjö milljarða á þessu ári og meira á því næsta. Vinnufundur verður á Nordica í dag þar sem heilbrigðisstéttir geta komið sínum skoðunum á framfæri.

Fundur verður með forsvarsmönnum BSH eftir páska.


- ghs



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Þú vilt aukinn ávinning.
Þess vegna er **Vöxtur** fyrir þig.

Vöxtur er Vildarþjónusta Kaupþings



Tækifærin skjóta víða upp kollu. Ávinningurinn felst í því að geta nýtt sér þau og skapa stöðugt fleiri tækifæri. Vöxtur býður þér betri kjör og ótal fríðindi. Kynntu þér málið á www.kaupthing.is eða í síma 444 7000.

KAUPÞING

Kannabisverð stendur í stað: Amfetamínverð rýkur upp

VÍMUEFNI Þrátt fyrir að lögregla hafi lokað tugum kannabisræktana undanfarnar vikur og lagt hald á þúsundir plantna stendur götuverð á hassi og maríjúana nokkurn veginn í stað á milli mánaða, samkvæmt nýrri verðkönnun SÁÁ. Verð á kannabisefnum hefur verið tiltölulega stöðugt frá áramótum.

Verð á amfetamíni rýkur hins vegar upp um tæplega fjórðung á milli mánaða og hefur aldrei verið hærra síðan kannanir hófust. Grammið kostar nú tæplega 7.000 krónur. Kókaín lækkar í verði, en verðið á því var óvenjuhátt í síðasta mánuði. - sh

Héraðsdómur Suðurlands dæmir í máli Skógræktarfélags Rangæinga:

Eiga ekki veiðirétt í Rangá

DÓMSMÁL Skógræktarfélag Rangæinga á ekki veiðirétt í Eystri Rangá og Fiská vegna jarðarinnar Kotvalla í Rangárþingi eystra. Þetta var niðurstaða dóms Héraðsdóms Suðurlands, sem kveðinn var upp í gær. Karl Axelsson, lögmaður Skógræktarfélagsins, segir líklegt að málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Taldi Skógræktarfélagið að það ætti veiðirétt í Eystri Rangá vegna jarðarinnar Kotvalla, sem það fékk að gjöf frá ríkinu á níunda áratug síðustu aldar. Bygðdi félagið kröfu sína á því að Kotvellir væru á svokallaðri Vallartorfu en eigendur hennar eiga um fjórtán prósent hlut í veiðirétt Eystri Rangár og fengu fjórtán milljóna króna arð árið 2006. Héraðsdómur hafnaði kröfu skógræktarfélagsins.

Í niðurstöðu dómsins segir að hugsanlegt sé

að Skógræktarfélagið eigi rétt á arðgreiðslum af veiðunum án þess að til veiðiréttar hafi stofnast. Er þar vísað til þess að árið 1999 var samþykkt arðskrá sem var staðfest af landbúnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum. Hinir stefndu telja hins vegar að sú arðskrá hafi ekki verið í samræmi við arðskrá sem var borin upp og samþykkt á aðalfundi Veiðifélags Rangæinga árið 1999. Þar sem Skógræktarfélagið krafðist einungis viðurkenningar á veiðirétti tók dómurinn ekki á þessu atriði. - th

ÚR RANGÁNUM Rangárnar eru meðal gjöfulustu laxveiðiaá landsins. Í Eystri Rangá veiddust ríflega sjö þúsund laxar í fyrra.



FRÓMUR Í FÓTSPOR KRISTS Munkur heldur á pálmagrein í göngunni frá Ólíufjalli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Trúaðir í Jerúsalem:

Pálmadags-ganga kristinna

JERÚSALEM, AP Hundruð kristinna manna sem báru pálmablöð settu svip sinn á götur Jerúsalem-borgar á pálmásunnudag, þegar þeir minntust komu Jesú til borgarinnar helgu fyrir tvö þúsund árum.

Kapólskir pílgrímar, þjónar kirkjunnar og leikmenn ýmissa kirkjudeilda sóttu messu við Kirkju hinnar heilögu grafhvelvingar, þar sem Jesús er talinn hafa verið krossfestur og risið upp frá dauðum. Eftir messuna gengu pílgrímarnir inn í borgina frá Ólíufjalli, sömu leið og Jesús er talinn á sínum tíma hafa riðið inn í borgina á asna. - rat

Fimmtán fórust í þyrluslysi:

Fundu sjö lík í Norðursjó

LONDON, AP Björgunarmenn hafa fundið sjö þeirra sem fórust með breskri þyrlu sem fórst undan ströndum Skotlands á miðvikudag.

Leit verður framhaldið en fimmtán manna áhöfn þyrlunnar fórst í slysinu. Tvö líkanna sem hafa fundist eru talin vera af flugmanni þyrlunnar og aðstoðarflugmanni.

Sólríkt og gott veður var á miðþegar þyrlan hrapaði en hún var í flugi fyrir olíufyrirtækið BP. - rat

Lífslíkur í Evrópu:

Íslenskir karlar allra karla elstir

SAMFÉLAGSMÁL Tæplega tvö þúsund manns dóu hérlendis í fyrra, 981 karl og 1.005 konur. Dánartíðni var því 6,2 látnir á hverja þúsund íbúa, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.

Lífslíkur karla hafa batnað á undanförunum árum. Íslenskir karlar geta vænst þess að verða 79,6 ára en konur 83 ára.

Íslenskir karlar verða því elstir í Evrópu. Elstir verða utan Íslands karlar í Sviss, 79,2 ára, og Liechtenstein, 78,9 ára. Stysta meðalævi karla í Evrópu er í Rússlandi, 61,5 ár, og Úkraínu, 62,5 ár.

Lífslíkur íslenskra kvenna hafa breyst. Elstar evrópskra kvenna verða konur á Spáni og í Frakklandi, 84,4 ára að meðaltali, en íslenskar konur eru í sjötta sæti. Minnstar lífslíkur hafa konur í Moldóvu, 72,4 ár, og í Rússlandi, 73,9 ár. - ghs



Opið til 18.30 í kvöld



Femmingar

Vandaðar gjafr sem hjarta manns verma allt fyrir þau sem er verið að ferma.

Mán til mið 10-18.30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn



Hamborgarhryggur Hagkaups

að hætti landsliðs matreiðslumeistara



þarf ekki að sjóða!
Aðeins 90 mín.
í ofni!

HAGKAUP
Hamborgarhryggur

Sérvallinn úr nýju hraefni

SALT

MINNI

Tilbúið beint í ofninum þarf ekki að sjóða

Þú skalt vera viss um að Hagkaupinn þinn veiri aðeins besta lambinn sem er til á Íslandi. Lambið er ferskt og hefur verið gætt með miklu áhuga. Lambið er gætt og hefur verið gætt með miklu áhuga. Lambið er gætt og hefur verið gætt með miklu áhuga. Lambið er gætt og hefur verið gætt með miklu áhuga.

HAGKAUP



SPENNANDI

HAMBORGAR
HRYGGUR

1.559 kr/kg.

Merkt verð 1.946.-

Páskalæri Hagkaups

að hætti landsliðs matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í ólífufolíu,
sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.



HAGKAUP
Páskalamb

umíð í samstarfi við landslið matreiðslumeistara

HAGKAUP

SKÁLA

MEÐ

Þú skalt vera viss um að Hagkaupinn þinn veiri aðeins besta lambinn sem er til á Íslandi. Lambið er ferskt og hefur verið gætt með miklu áhuga. Lambið er gætt og hefur verið gætt með miklu áhuga. Lambið er gætt og hefur verið gætt með miklu áhuga.

HAGKAUP

SPENNANDI

PÁSKALÆRI
HAGKAUPS

1.678 kr/kg.

Merkt verð 2.098.-

ferskt með flugi

Jarðarber



Bláber



Trönuber



Hindber



Brómber



Rífsber



Blæjuber



Foshan gasgrill

- 11,15kWh,
- 3 brennara
- Eldunargrindur úr pottjámí
- Hliðarhella
- Skápur með hurðum
- Innbygður hitamælir
- Elektrónískt kveikjakerfi
- Tvö læsanleg dekk

FOSHAN
GASGRILL

39.999 kr.

PÁSKA
ELDHÚSRÚLLUR

479 kr/pk.



PÁSKA
ÖL

114 kr/stk.



Kringlunni • Skeifunni • Garðabæ • Smáralind • Spöng • Akureyri • Holtagörðum • Eiðistorgi

Flafðu það gott um páskana

Ferskur kalkúnn tilvalinn um páskana



KALKÚNN FERSKUR
1.099 kr/kg.



BIRKIREYKT LÆRI
2.293 kr/kg.
Merkt verð 3.058.-

BIRKIREYKTUR FRAMPARTUR
1.686 kr/kg.
Merkt verð 2.248.-

ferskar kryddjurtir frá Frakklandi



Rósmarín

Mynta

Salvía

Garðablóðberg

Basilika



COKE & COKE LIGHT
99 kr/stk.



NS PÁSKAEGG 6 STK. Í PK
699 kr/pk.
Verð áður 768.-



NS PÁSKAEGG NR. 5
1.359 kr/stk.
Verð áður 1.699.-



MACKINTOSH 1.643 gr
1.389 kr/stk.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FBL-GREINING: DANSKA NAFNIÐ RASMUSSEN

Níunda algengasta ættarnafnið

Það veur athygli að Lars Løkke Rasmussen er þriðji danski forsætisráðherrann í röð sem ber sama ættarnafn, á eftir flokksbróður sínum úr Venstre, Anders Fogh Rasmussen, og jafnaðarmanninum Poul Nyrup Rasmussen. Þeir eru þó ekki skyldir, í það minnsta ekki svo vítað sé.

■ Upprunalega föðurnafnið Rasmusson

Nafnið er upprunalega föðurnafnið Rasmusson, það er sonur Rasmusar. Skírnarnafnið Rasmus er rakið til „Erasmus“, nánar tiltekið Erasmus frá Rotterdam, heimspekingsins og guðfræðingsins fræga sem uppi var á 16. öld.

Rasmussen er eitt algengasta ættarnafnið í Danmörku. Samkvæmt dönsku þjóðskránni bera það um 100.000 Danir. Algengustu dönsku ættarnöfnin eru þessi: 1) Jensen, 2) Nielsen, 3) Hansen, 4) Pedersen, 5) Andersen, 6) Christensen, 7) Larsen, 8) Sørensen, 9) Rasmussen og 10) Jørgensen.

■ Þekkt fólk með Rasmussen-nafninu

Af öðrum þekktum Dönnum sem einnig hafa borið þetta ættarnafn má nefna skáldið Halfdan Rasmussen, heimskautarannsóknafurmkvöðulinn Kjeld Rasmussen, knattspyrnumennina Morten „Duncan“ Rasmussen og Troels Rasmussen og dansk-bandarísku leikkonuna Rie Rasmussen. Í upptalningu á þekktu fólk með þessu nafni er líka vert að nefna Sunleif Rasmussen, eitt þekktasta tónskáld Færeyinga.



SKYLDIR? Lars Løkke Rasmussen, Anders Fogh Rasmussen og Poul Nyrup Rasmussen.



NÝJAR
bilaperur frá PHILIPS



PHILIPS
Quartz
bilaperur
allt að 80% meira ljós



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... góðar fréttir fyrir umhverfið

FRÉTTASKÝRING: Valdaskipti í Danmörku



NÝR MAÐUR Í BRÚNNI Lars Løkke Rasmussen talar við fjölmiðla fyrir utan Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn eftir að hann var útnefndur arftaki Anders Fogh Rasmussen sem forsætisráðherra Danmerkur.

NORDICPHOTOS/AFP

Løkke þarf að sanna sig

Lars Løkke Rasmussen átti sinn fyrsta vinnudag sem nýr forsætisráðherra Danmerkur í gær. Hann er þriðji danski ríkisstjórnarleiðtoginn í röð sem ber ættarnafnið Rasmussen, en sá fyrsti sem á fær-eynska eiginkonu.

Aðstæður gætu sannarlega verið hagstæðari fyrir stjórnmalamann að taka við sem ríkisstjórnarleiðtogi. Efnahagskreppan er eitt og það að hafa ekki þurft að sannfæra kjósendur um að hann væri rétti maðurinn til að gegna valdamesta embætti landsins áður en hann fékk það upp í hendurnar er annað. Þess vegna er það nú forgangsverkefni hjá hinum nýja forsætisráðherra Dana að sýna og sanna það fyrir almenningi að hann sé rétti maðurinn í starfið.

Ekki miklar væntingar

Samkvæmt skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið síðustu mánuði gera Danir sér almennt ekki miklar væntingar til Lars Løkke sem forsætisráðherra. Það er nokkuð síðan ljóst varð að hann væri arftakaefni flokksbróður síns úr Venstre, Anders Fogh Rasmussen, sem var um helgina valinn til að verða næsti framkvæmdastjóri NATO. Anders Fogh hafði farið fyrir samsteypustjórn Venstre og Íhaldsflokksins frá því árið 2001, en hún er minnihlutastjórn sem nýtur stuðnings Danska þjóðarflokksins á þingi.

Lars Løkke hefur átt sæti í ríkisstjórninni síðan borgaraflokkarnir báru sigurorð af jafnaðarmönnum og bandamönnum þeirra í kosningunum 2001. Hann var innanríkis- og heilbrigðisráðherra fyrstu tvö kjörtímabilin en eftir kosningarnar í nóvember 2007 tók hann við fjármálaráðuneytinu. Því embætti gegnir hann líka áfram, unz hann hefur haft ráðrúm til að stokka upp í stjórninni eftir brottför Anders Fogh.

Það er ímynd Løkke nokkur fjötur um fót, og á eflaust sinn þátt í því hve litlar væntingar eru til hans gerðar, að fyrir um ári var það upplýst í fjölmiðlum að hann hefði stundað það í allnokkrum mæli að setja útgjöld sem almennt væru talin privatútgjöld eins og veitinga-

ÁGRIP AF FERLI LARS LØKKE

Lars Løkke Rasmussen fæddist í Vejle á Jótlandi árið 1964. Hann nam lögfræði við Kaupmannahafnarháskóla og var virkur í ungliðahreyfingu Venstre; formaður hennar var hann 1986-1989. Hann var fyrst kjörinn á þing haustið 1994. Hann var jafnframt sveitarstjóri í Frederiksborg-sýslu á Sjálandi frá 1998-2001. Eftir kosningasigur Venstre þá um haustið varð hann ráðherra innanríkis- og heilbrigðismála í ráðuneyti Anders

Fogh Rasmussen. Þessu tvöfalda ráðherraembætti gegndi hann fram yfir kosningarnar í nóvember 2007. Þá tók hann við fjármálaráðuneytinu og varð opinbert arftakaefni Anders Foghs bæði sem forsætisráðherra og flokksformaður Venstre.

Løkke Rasmussen og fær-eynska eiginkona hans, Sólrún Jákupsdóttir, kynntust á námsárum þeirra í Kaupmannahöfn. Hún starfar sem kennari. Þau eiga þrjú börn.

staðamáltíðir, hótelligingar og leigubílaakstur utan vinnutíma, sigarettur og fleira smálegt, á opinberan útgjaldareikning sinn sem ráðherra.

Uppstokkun

Til að byrja með hafði Lars Løkke ekki ætlað sér að gera miklar breytingar á stjórninni – „stóru“ uppstokkunina hafði hann ætlað að geyma sér fram á haustið eða jafnvel fram yfir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem fram fer í Kaupmannahöfn í desember og Danir leggja metnað í að takist vel.

En óvænt tilkynning Karenar Jespersen á föstudag um að hún óskaði eftir að víkja úr embætti hins umfangsmikla velferðaráðuneytis veldur því að uppstokkunin nú verður umfangsmeiri en svo að það komi bara einn nýr ráðherra í stað Løkke í fjármálaráðuneytið. Jespersen segir velferðaráðuneytið of stórt; reyndar deilir Lars Løkke þeirri skoðun með henni og vill skipta því upp í innanríkis- og húsnæðismálaráðuneyti annars vegar og félagsmálaráðuneyti hins vegar. Auk þess vill hann leggja niður bæði ráðuneyti aðlögunarmála og rannsóknna, að því er Politiken.dk hefur eftir „vel upplýstum heimildum“. Þessa stóru uppstokkun vildi hann annars geyma þar til síðar, eins og áður segir.

Í bili þykir því talið líklegast að hann láti nægja að skipa nýjan fjármálaráðherra – sennilega Claus Hjort Frederiksen, núverandi atvinnuáráðherra. Við hans ráðuneyti tæki Peter Christensen, núverandi talsmaður þingflokks Venstre í ríkisfjármálum.

Sagður vanmetinn

Danskir stjórnmalaskýrendur

telja að ekki sé að vænta mikilla breytinga á stjórnarstefnunni við mannaskiptin í brúnni. En þar sem Lars Løkke er sagður býsna ólíkur Anders Fogh að skapgerð og upplagi verður óhjákvæmilega allnokkur breyting á stjórnarstíflnum. Hann er talinn nokkur frjálslyndari en Fogh, án þess þó að það komi í veg fyrir að hann eigi góð tengsl við Piu Kjærsgaard, leiðtoga Danska þjóðarflokksins. Að vissu leyti er það talið kostur fyrir hann að Danir geri litlar væntingar til hans, því það skapar möguleika á að koma þægilega á óvart, sem er miklu betra en að valda vonbrigðum ef væntingarnar eru miklar.

Það kvað reyndar vera útbreidd skoðun, bæði innan Venstre og í öðrum flokkum á danska þinginu, að Lars Løkke væri vanmetinn stjórnmalamaður. „Lars Løkke er ekki bara vanmetinn. Hann er mjög vanmetinn,“ hefur Politiken eftir ónafngreindum forystumanni úr stjórnarandstöðunni. „Løkke er ekki bara manneskjulegri en Anders Fogh Rasmussen. Hann er persóna í þrívídd, ólíkt Fogh; manneskjulegheit hans geta nýtt honum vel.“

Þeir sem starfað hafa með Lars Løkke bera honum líka vel söguna, hvort sem þar er um flokksystkin að ræða eða pólitíska mótherja. Með einni undantekningu; það kvað alls ekki fara vel á með honum og stjórnarandstöðuleiðtoganum Helle Thorning-Schmidt, formanni Jafnaðarmannaflokksins og forsætisráðherraefni.



FRÉTTASKÝRING

AUDUNN ARNÓRSSON

audunn@frettabladid.is

*"Vorið er komið
og grillin þau glóa"*



Nú er grilltíminn byrjaður hjá Olís



Flames, 2 brennara
54.900 kr.

2 pör af grillhönskum, yfirbreiðsla og stálgljái fylgja.



Flames, 3 brennara
59.900 kr.

2 pör af grillhönskum, yfirbreiðsla og stálgljái fylgja.



Flames, 4 brennara
69.900 kr.

2 pör af grillhönskum, yfirbreiðsla og stálgljái fylgja.



Coleman Select, 3 brennara
74.900 kr.

Hliðarbrennari, 2 pör af grillhönskum og stálgljái fylgja.

Við höldum með þér!



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 20

OMX ÍSLAND 15
215 +0,23%

Velta: 29 milljónir

OMX ÍSLAND 6
634 -0,04%

MESTA HÆKKUN

↑ FØROYA BANKI 0,40%

MESTA LÆKKUN

↓ MAREL FOOD SYS. -2,25%
ÖSSUR -1,20%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 251,00 +0,00% ... Bakkavör 1,26 +0,00% ... Eik Banki 91,50 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 126,50 +0,40% ... Icelandair Group 5,00 +0,00% ... Marel Food Systems 41,35 -2,25% ... Össur 90,50 -1,20%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Fýkur í skattaskjólun

Á hádegi í dag hefst kynningarfundur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Evrópusambandsins (ESB) um skattamál og skattaskjól. Fundurinn er í höfuðstöðvum OECD í París í Frakklandi. Þar verða kynntar niðurstöður viðræðna László Kovács, sem fer með skatta- og tollamál í framkvæmdastjórn ESB og Angels Gurria, framkvæmdastjóra OECD. Fundur þeirra var settur á dagskrá í kjölfar stefnumörkunar á sviði skattamála á fundi helstu iðnríkja (G-20 fundinum) í Lundúnum sem haldinn var 7. apríl. Samkvæmt tilkynningu stendur til að kynna áframhaldandi starf OECD og ESB á sviði skattheimtu og hvernig brugðist skuli við starfsemi skattaskjólanna.

Mál sem snertir alla

Hvernig staðið er undir samneyslu þjóða er vitanlega mál sem snertir alla landsmenn og því ekki óeðlilegt að þegar stofnanir á borð við Evrópusambandið og OECD taka sig saman um að loka á svonefnd skattaskjól þá veki það nokkra athygli. Líklegt verður samt að teljast að þeir sem á annað borð eru með umsvif af því tagi að þeir vilji nýta sér þessi skattaskjól hafi ráð á því að mæta í eigin persónu á kynningarfundinum við rue André Pascal í París. (Þeir efnaminni í þeim hópi geta tekið meðanjarðarlestina, leið níu, að Rue de la Pompe, eða strætó númer 63 að La Murette.) Vilji sauðsvartur almúginn fylgjast með því í beinni hvaða ákvarðanir hafa verið teknar á fundinum, þá verður hann í beinni útsendingu á netinu á slóðinni: http://interwebcast.oecd.org/conferences/6_475/en/video/video.vwx.

OECD



Yfirtökutilboð lækkað í 2 auru

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur lækkað verð í yfirtökutilboði BBR í Exista um 4,60 krónur, niður í tvo auru á hlut. Beiðni þar að lútandi barst FME 6. janúar síðastliðinn.

„Aðstæður Exista hf. breyttust augljóslega til hins verra í kjölfar hruns Kaupþings banka hf. o.fl. Þá var hlutafé félagsins nær fimmfaldað þann 8. desember þannig að eldri hlutir og verðmæti þeirra þynntust verulega. Þar sem lokað var fyrir viðskipti með fjármála-geringna félagsins frá 2. október og þar til tilboðsskylda stofnaðist, lækkaði opinbert markaðsvirði bréfanna ekki þrátt fyrir þessar miklu breytingar,“ segir í tilkynningu FME.

- óká



SETTUR SEÐLABANKASTJÓRI Svein Harald Öygard seðlabankastjóri er formaður peningastefnufndar Seðlabanka Íslands. Nefndin fundar nú vegna ákvörðunar um stýrivexti sem kynnt verður í fyrramálið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Búast við lækkun um eitt prósentustig

Stýrivextir lækka um eitt prósentustig á aukavaxtaákvörðunardegi Seðlabankans á morgun, gangi eftir spá Greiningar Íslandsbanka.

„Vaxtaákvörðunin í vikunni er aukavaxtaákvörðunardagur en næsti vaxtaákvörðunardagur samkvæmt áætlun bankans frá því í upphafi árs er 7. maí næstkomandi. Vegna óvissu um horfur í hagkerfinu og samspil vaxta og gengis taldi nefndin á síðasta fundi sínum rétt að fjölga vaxtaákvörðunarfundum sínum. Verður vaxtaákvörðun því í fyrstu viku hvers mánaðar frá apríl til júlí og í annarri viku ágústmánaðar,“ segir í umfjöllun bankans.

Bent er á að frá vaxtaákvörðuninni í mars hafi verðbólga hjaðnað úr 17,6 prósentum í 15,2 prósent, en

gengi krónunnar um leið gefið eftir. „Framundan er enn meiri lækkun verðbólgunnar enda slakinn mikill og vaxandi í hagkerfinu. Atvinnuleysi hefur færst í aukana frá því í mars og framleiðsluslakinn er orðinn sýnilegri. Allt þetta ætti að hvetja nefndina til að lækka vexti Seðlabankans enn frekar,“ segir í greiningunni, en um leið bent á að veiking krónunnar kunni að draga úr vilja nefndarinnar til að lækka vexti. „Í fundargerð peningastefnufndarinnar frá síðasta fundi nefndarinnar í mars segir að þótt verðbólguþækkun sé áfram langtímamarkmið peningastefnunnar sé markið hennar við núverandi aðstæður að tryggja gengisstöðugleika.“

- óká

Landsbankinn býður óverðtryggð fasteignalán

Landsbankinn hefur komið til móts við gagnrýndur verðtryggingarinnar og býður nú óverðtryggð fasteignalán með sjö prósentavöxtum.

„Nú verða neytendur að hugsa sjálfir og taka sjálfstæða og upplýsta ákvörðun,“ segir Ásmundur Stefánsson, bankastjóri Landsbankans, um óverðtryggð íbúðalán til allt að fjórutíu ára sem bankinn kynnti í gær. Hann segir þetta nýjan kost sem bankinn bjóði upp á og geti hugnast þeim sem séu með verðtryggð fasteignalán og vilji skoða aðra möguleika eða með fasteignalán í erlendri mynt og vilji skipta því yfir í lán í íslenskum krónum.

Með möguleikanum bregst bankinn við gagnrýni á verðtrygginguna með auknum valmöguleikum, að sögn bankastjórans.

Vextir lánanna eru sjö prósent og taka mið af stýrivöxtum Seðlabankans. Vextir þar standa í sautján prósentum og gerir Landsbankinn ráð fyrir því að þeir muni lækka hratt á næstu mánuðum. „Við gerum ráð fyrir því að vextirnir verði komnir niður fyrir sjö prósent um mitt næsta ár,“ segir Ásmundur og bendir á að bankinn



ÁSMUNDUR STEFÁNSSON Bankastjóri Landsbankans segir mikilvægt að fólk vegi og meti kosti þess að taka óverðtryggð lán umfram þá möguleika sem standa til boða.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

se tilbúinn til að taka áhættuna.

Þetta nýja lánaform Landsbankans er ólíkt öðrum að því leyttinu til að bankinn býður greiðsluáðlögun fram í maí á þarnæsta ári. Aðlögunartíminn bætir tveimur árum við lánstímann.

Á aðlögunartímanum greiða viðskiptavinir ekki afborganir af höfuðstól og ekki hærri vexti en

sjö prósent. Misunurinn kemur til hækkunar á höfuðstól lánsins og greiðist niður á afborgunartímabilinu. Mögulegt er að velja á milli þess að greiða jafnar afborganir eða inn á höfuðstól. Seinni möguleikinn felur í sér að viðskiptavinir geta greitt lánið hraðar niður en ella.

jonab@markadurinn.is



ÁRSFUNDUR 2009

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel, Reykjavík þriðjudaginn 21. apríl kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Tillaga um lækkun réttinda.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögurnar munu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og birtar á heimasíðunni, www.gildi.is tveimur vikum fyrir ársfundinn.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Reykjavík 6. apríl 2009,

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.



Gildi - lífeyrissjóður
Sæturni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

Samstarf um ráðgjöf til verslana í dreifbýli

Níu lönd á norðurslóðum hafa tekið höndum saman um að bjóða verslunareignum í fámennum byggðarlögum ráðgjöf og fræðslu til að styrkja stöðu þeirra. Í tilkynningu Rannsóknaseturs verslunarinnar við Háskólann á Bifröst (RSV) kemur fram að RSV hafi átt frumkvæði að verkefninu og stjórnir því hér á landi í samstarfi



EMIL B. KARLSSON

við Byggðastofnun og nokkur atvinnuþróunarfélög. Verkefnið styrkja Norðurslóða-áætlunin (NPP) og Norður-Atlantshafsnefndin (NORA). „Önnur lönd sem taka þátt í verkefninu eru Finnland, Svíþjóð, Noregur, Írland, Norður-Írland, Skotland, Færeyjar og Grænland. Í öllum þessum löndum eru sambærilegar aðstæður hvað varðar dreifðar byggðir og það lykilhlutverk sem dreifbýlisverslun gegnir til að viðhalda byggðinni. Alþekkt er í öllum þessum löndum að þegar verslunin hverfur úr byggðarlögunum fyllst fólkíð einnig. Víða er þessum verslunum því haldið gangandi með opinberum stuðningi og því er mikilvægt að styðja þær til sjálfbærni,“ segir Emil B.



AUSTUR Á HÉRAÐI Samkaup keyptu nýverið rekstur Kaupfélags Héraðsbúa á Austurlandi, en rekstur þess síðarnefnda var kominn í þrot.

MYND/KHB

Karlsson, forstöðumaður RSV, í tilkynningu.

Fram kemur að einkum verði horft til þess að nýta hagræðingu sem hlýst af því að sameina verslun við ýmsa aðra þjónustuþætti sem íbúar þurfi á að halda, svo sem bensínafgreiðslu, bankaþjónustu, veitingaþjónustu og fleira. „Þá verður tekið tillit til hagræðingar í vöruflutningum, skipulagsbirgðahalds og ýmissa annarra þátta.“

Byrjað verður á þarfagreiningu meðal verslana í öllum þátttökulöndunum og síðan verður ráðgjafarstarfið mótað.

- óká

Frábær
tilboð
á völdum
vörum

www.ellingsen.is

HEIMA EÐA HEIMAN UM PÁSKANA?

Hvort sem þú ætlar að eyða páskafríinu í bústað, uppi um fjöll og firnindi eða í afslöppun heima og grilla á pallinum, þá færðu rétta útbúnaðinn í Ellingsen.

 Columbia
Sportswear Company



Skórnir og útvistarfatnaðurinn frá Columbia er vandaður og slitsterkur búnaður fyrir þá sem gera kröfur um hámarksgæði.

 DEVOLD



Devold-fatnaðurinn norski er til í miklu úrvali, bæði einfaldur og tveggja laga. Devold er hreinlega skyldueign fyrir allt útvistarfólk.

 GASGRILL



Mikið úrval af vönduðum gasgrillum.

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.-föstud. 10-18 • Laugard. 10-16

LOKAÐ ALLA PÁSKANA
FIM.-MÁN.

AKUREYRI

Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630
mánud.-föstud. 8-18 • Laugard. 10-16

 Ellingsen

- fullt hús ævintýra

Um meiri hagsmuni og minni:

Króna = höft

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Í sjónvarpsmæðum leiðtoga stjórnmalaflokkanna undir lok síðustu viku kom aðeins fram ein yfirlýsing sem hafði pólitískt gildi fyrir framtíðina. Það var staðfesting forsætisráðherra á að umsókn um aðild að Evrópusambandinu yrði ekki forgangsverkefni þegar að loknum kosningum.

Hvers vegna er þessi yfirlýsing afdrifarík? Svarið er: Lítil von er til að Ísland losni úr viðjum gjaldeyrishafta og hárra vaxta meðan krónan er gjaldmiðill landsins. Við þær aðstæður er hætt við að atvinnuleysisskráin vaxi hraðar en verðmætasköpunin.

Því er haldið fram að með því að semja við erlenda eigendur krónubréfa verði unnt að opna fyrir frjáls gjaldeyrivíðskipti á ný. Ekki er þó á vísan að róa í þeim efnum. Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað í því samhengi hvers vegna Íslendingar ættu betur að treysta gjaldmiðlinum en þeir útlendingar sem hér hafa lokast inni með krónur.

Stefnan í peningamálum er óbreytt. Af fundargerð nýju peningastefnufundarinnar verður tæpast annað ráðið en að hún meti meir hagsmuni erlendra eigenda krónubréfa en íslenskra atvinnufyrirtækja.

Bæði ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan lýsa því yfir að hávextirnir og höftin séu til bráðabirgða og skapa þurfi skilyrði til þess að tuttugu þúsund ný störf verði til. Vandinn er sá að á hvorugt borð eru menn með aðgerðir á þrjónunum sem glæða von um að þær aðstæður komi þegar til lengri tíma er lítið sem leyst geta þjóðina undan oki gjaldeyrishafta og böli atvinnuleysis.

Hvernig má það vera að raunhæfar framtíðarlausnir eru ekki í boði í aðdraganda kosninga? Sennilegasta skýringin er að enginn þungi er í kröfunni um úrbætur, hvorki frá fólkinu né fyrirtækjunum. Nauðsynlegt uppþjóf við fortíðina á allan huga fólks. Af því leiðir að lítil orka er aflögu til að knýja á um lausnir.

Vinstri grænt og Sjálfstæðisflokkurinn eru alfarið á móti evru með aðild að Evrópusambandinu. Í báðum flokkum liggja að baki mismunandi rök þjóðernishyggju og hagsmunagæslu. Óhagræði sjávarútvegs og landbúnaðar af Evrópusambandsaðild sýnist þyngra á vogarskálum hagsmunamatsins en ávinningur af frjáls- um gjaldeyrivíðskiptum og samkeppnishæfni mynd.

Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn hafa aðild á dagskrá. Báðir flokkarnir hafa vikið henni til hliðar af mismunandi ástæðum. Samfylkingin metur þá hagsmuni meiri að tryggja frið í ríkisstjórnarsamstarfinu en að setja aðild sem skilyrði. Í Framsóknarflokknum er andstaðan rík þrátt fyrir stefnuyfirlýsinguna. Flokksforystan lítur þar af leiðandi svo á að meiri hagsmunir séu í því að rugga ekki bátinum en róa að stefnumiðinu.

Mikill meirihluti Samtaka atvinnulífsins telur óhjákvæmilegt að taka upp nýja mynt með Evrópusambandsaðild. Andstaða útvegs- manna hefur hins vegar lamað afl samtakanna. Fyrir vikið hafa þau lítið fram að færa til lausnar og kjósa þögnina. Alþýðusambandið styður eðlilega aðild. Forysta þess ákvað hins vegar að fresta því um sinn að knýja á um framgang málsins til að trufla ekki stjórnarsamstarfið. Þeir hagsmunir voru taldir brýnni en von fólksins um vöxt í atvinnulífinu.

Spurningin er: Á að bíða eftir að atvinnuleysisskráin fylli tölu- na þrjátíu þúsund? Stundaglas andvaraleysisins tæmist fyrr en varir. Nokkur ár tekur að innleiða nýjan gjaldmiðil. Fyrir þá sök má engan tíma missa. Heildarhagsmunirnir eru skýrir. Víst er að upplökið verður fyrir þeim sem knýja á. Hvar eru þeir?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

GLÆNÝ
STÓRLÚÐASMÁLÚÐA, LAXAFLÖK OG
FULLT AF ÖÐRU GÓMSÆTU
FYRIR PÁSKA

SELJUM EINNIG FISK Í MÖTUNEYTI

ATH ERUM ALDREI FISKLAUSIR

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

FRÁ DEGI TIL DAGS


Ekki svara

Alþingiskosningar nálgast óðfluga og flokkarnir keppast við að uppfæra heimasíður sínar. Samfylkingin tók einmitt nýlega í notkun mikinn vef þar sem kennir ýmissa grasa. Undir liðnum notendaskilmálar, sem gengi frá meðalstórum finnskum skógi væri hann prentaður út, er fólk hvatt til að setja sig í: „samband við Samfylkingin [sic] með því að skrifa tölvupóst á ekkis- vara@mailersamfylking.is. Við munum bregðast við með viðeigandi hætti.“ Traust- vekjandi það.



Við bjóðum betur

Mörgum þótti vel í lagt þegar Sjálfstæðisflokkurinn kvaðst mundu skapa tuttugu þúsund störf kæmist hann til valda. Ekki þó Samfylkingunni. Um helgina kom út kosninga- bæklingur frá henni, þar sem segir: „Við viljum skapa fleiri en 20 þúsund störf í fjölbreyttum atvinnugreinum um land allt!“ Þýður einhver betur?



Einfalt mál

Samfylkingin lætur ekki þar við sitja. Í sama kosningabæklingi er líka farið í saumana á því hvernig Ísland getur rétt úr kútnum. Þar dugur ekkert hálfkák: „Fyrst leysum við tímabundinn vanda með markvissum aðgerðum sem fela ekki í sér óábyrga skuldasöfnun sem dregur harðindin á langinn.“

Já, hvaða mótaleik eiga þeir í pokahorninu, talsmenn ómark- vissra aðgerða sem fela í sér óábyrga skuldasöfnun sem draga harðindin á langinn, nú þegar vopnin hafa verið slegin úr höndum þeirra?

bergsteinn@frettabladid.is

Minnisleysingjarnir

Um daginn fór fram endurný- jun á landsfundi Sjálfstæðis- flokksins sem fólst í því að nýjum mönnum var skipað í brúna. Ekki sáú menn ástæðu til að endur- skoða stefnu flokksins enda voru menn almennt sáttir við stjórn hans á efnahagsmálum. Til að undirstrika það var fyrirverandi formaður flokksins til marga ára fenginn til að segja brandara og sáust myndir af fundarmönnum veltast um af hlátri yfir máli hans. Sjálfstæðismenn afneita þó ekki hrúni frjálsbyggjunnar en hún kemur þeim ekki við enda var flokkurinn aldrei frjálsbyggju- flokkur. Segir hinn nýi formaður.

Það var eiginlega orðið löngu tímabært að sjálfstæðismenn fræddu okkur um þetta því að satt að segja var maður farinn að misskilja ýmislegt. Að hluta til má þó kenna leiðtogum flokks- ins sjálfum um þetta þar sem þeir ráku félög eins og Frjálsbyggju- félagið og gáfu út bækur sem hétu nöfnum eins og Uppreisn frjáls- byggjunnar. Kannski ekki skrítið að einhverjum detti í hug að snúa út úr og halda því fram að frjáls- byggjan hefði eitthvað með hug- myndafraði Sjálfstæðisflokksins að gera. En þetta er sem sagt mis- skilningur eða kannski var okkur að dreyma. Maður fær raunar oft þá tilfinningu þegar maður fylgist með pólitískri umræðu á Íslandi þessa dagana.

Núna er t.d. mikið deilt um gjaldeyrishöft en það merkilega er að þeir sem gagnrýna þau núna eru þeir sömu og ákváðu að taka þau upp fyrir fáeinum mánuðum. Núverandi ríkisstjórn hefur ekki gert annað en að reyna að tryggja að kerfið sem fyrri ríkisstjórn tók upp virki eins og það á að gera. Af einhverjum



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Endurnýjun
Sjálfstæðisflokksins

ástæðum hindrar það samt ekki sjálfstæðismenn í að draga fram áratuga gamlar klisjur um hafta- búskap og gefa í skyn að ríkis- stjórnin hafi komið á höftum af illmennsku sinni en ekki vegna þess að allir íslenskir bankar urðu gjaldþrota, ríkisstjórnin þurfti að þjóðnýta tapið og ganga í leiðinni til nauðasamninga við nokkrar erlendar þjóðir. Allt á meðan þeir stóðu vaktina.

Lausnirnar sem nú eru í boði flokksins sem er ekki og hefur aldrei verið frjálsbyggjuflokkur – og síamstvíbura flokksins hjá Viðskiptaráði og Samtökum atvinnulífsins – kallast raunar óþægilega mikið á við málflutning sömu aðila fyrir fáeinum misserum; málflutning tímans þegar hinir einkavæddu og ofvöxnu bankar voru að byggja upp milljarðaskuldir undir því kjörorði að menn færu alltaf betur með eigið fé en annarra. Man einhver eftir því þegar bankarnir vildu gera ensku að ríkismáli vegna þess að íslensk- an var ekki nógu kúl fyrir þá? Eða þegar Viðskiptaráð sam- þykkti ályktanir um að Íslend- ingar mættu ekki bera sig saman við Norðurlöndin vegna þess að við stæðum þeim „framfar á

flestum sviðum“? Já, ótrúlegt en satt: Fyrir fáeinum mánuðum fannst Viðskiptaráði það mark- tækt innlegg í pólitíska umræðu að Ísland væri svo miklu betra en hin Norðurlöndin. Og frjáls- ara, gleymum því ekki. Samt var Sjálfstæðisflokkurinn aldrei frjálsbyggjuflokkur. Ekki í raun. Núna hafa sjálfstæðismenn gleymt frjálsbyggjunni og við eignum að gera það líka. Við- skiptaráð minnist ekki lengur á ályktanirnar um að við séum miklu betri en Norðurlöndin. Þeir hafa gleymt þessu og vilja að við gerum það líka. Og hinir frjálsu fjölmiðlar vilja auðvitað stuðla sem mest að þess konar minnisleysi enda eru það sömu aðilar sem eiga þá. Minnisleysi getur verið þægilegt ef ætulin er að læra ekkert af mistökum. Annars er það hins vegar ekkert sérlega sniðugt.

Núna virðist drjúgur hluti þjóðarinnar vera ákveðin í að halla sér aftur að stólbakinu og gleyma á meðan hlegið er að uppstandi Kristgervingsins. Hann leiðir þá aftur í gömlu góða dagana þegar þeir voru mennirnir með svörin – eða raunar hann með svörin fyrir þá. Kannski koma þeir aftur ef við skiptum um merkimiða, látum eins og ekkert hafi gerst og reynum að kenna manninn sem kom á eftir að þrifa upp það sem við gerðum sjálf? Jafnvel hrópa á skúringa- manninn af þjósti: Af hverju ertu ekki búinn að þrifa upp það sem ég sullaði niður? Þannig er veröld hinna minnislausu. En ef þriffin eiga að ganga upp er kannski betra að við hin vísam söðanum á dyr og leyfum honum að standa úti; a.m.k. rétt á meðan verið er að þrifa.

Alþjóðaheilbrigðisdagurinn 2009

UMRÆÐAN

Ögmundur Jónasson skrifar um al- þjóðaheilbrigðisdaginn

Afar öflugur jarðskjálfti, 6,1 stig á Richt- Aer, skók Suðurland í maí á síðasta ári. Töluverðar skemmdir urðu á þeim svæðum sem næst lágu skjálftaupptökunum. Lítils- háttar skemmdir urðu á Sjúkrahússinu á Selfossi og var það rýmt að hluta. Eftir skoðun kom í ljós að engar skemmdir voru á burðarholi byggingarinnar og var því hægt að halda uppi eðlilegri starfsemi á sjúkrahúsinu.

Mikilvægt er að byggingar heilbrigðiskerfisins standi af sér hamfarir og neyðarástand til að geta veitt þá þjónustu sem þörf er á. Í ár er alþjóðaheil- brigðisdagurinn tileinkaður áhrifum neyðarástands á sjúkrahús og viðbúnað þeirra en Alþjóðaheilbrigðis- málstofnunin (WHO) heldur upp á daginn 7. apríl ár hvert. Í tilefni dagsins leggur WHO sérstaka áherslu á að sjúkrahús séu hönnuð til að standa af sér neyðar- ástand, að þau hafi viðbragðsáætlanir og að þeim sé tryggð nauðsynleg aðföng. Einnig leggur WHO áherslu á að heilbrigðisstarfsfólki sé gert kleift að takast á við afleiðingar neyðarástands.

ÖGMUNDUR
JÓNASSON

Á Íslandi hefur verið byggt upp traust viðbúnaðarkerfi til að takast á við náttúru- hamfarir og aðrar ógnir. Samkvæmt lögum um almannavarnir er heilbrigðisstofnun- um skylt að útbúa viðbragðsáætlanir og er nú unnið að samræmingu þessara áætla- ana. Ísland er þátttakandi í norrænu sam- starfi um heilbrigðisviðbúnað og hefur að auki innleitt alþjóðaheilbrigðisreglugerð WHO sem hefur það að markmiði að hindra alþjóðlega útbreiðslu hættulegra smitsjúk- dóma og sjúkdóma af völdum eiturefna og geislavirkra efna.

Á hverjum tíma standa lönd heims frammi fyrir einhvers konar neyðarástandi hvort heldur sem það eru náttúruhamfarir, átök, smitsjúkdómar eða efnahagsþrengingar. Mikilvægt er að heilbrigðis- þjónustan sé örugg, öflug, búin réttum aðföngum og tryggð fjármögnun til að geta bregðist við þeim aðstæðum sem upp koma.

Við getum ekki fyrirbyggt neyðarástand en við getum reynt að tryggja að þegar neyðarástand skapast séum við tilbúin að takast á við það svo það hafi sem minnsta röskun í för með sér.

Höfundur er heilbrigðisráðherra.



Mikið úrval rjómaosta við öll tækifæri



Rjómaostur er einstaklega mjúkur og auðsmyrjanlegur ferskostur. Hann er uppistaðan í ostakökum og krydduðu tegundirnar eru einkar ljúffengar með brauði og kexi. Rjómaostur hentar einnig sérlega vel til að bragðbæta súpur og sósur.

med kryddblöndu

med hvítlauk

hreinn



med svörtum pipar



med sólpurrkudum tómötum



med appelsínulíkjöri



ostur.is

Skák er lífið

UMRÆÐAN

Júlíus Vífill Ingvarsson skrifar um skák

Á göngu um Ríma-skóla með skólustjóranum Helga Árnasyni fyrir nokkru síðan mættum við nemandan af unglíngastigi sem kastaði á okkur vinalegri kveðju og hvarf svo inn í eina kennslustofuna.

„Þetta er flottur strákur,“ sagði Helgi og bætti við: „Fyrir tveimur árum vorum við í vandræðum með þennan dreng í tímum en svo náðum við vekja áhuga hans á skáklistinni og þá gjörbreyttist hann og námsárangurinn með.“ Helgi er kannski ekki alveg hlutlaus þegar kemur að kostum skákíðkunar enda engin tilviljun að Rímaskóli hefur fagnað mörgum sigrum í skákkeppnum. Í síðasta mánuði hreppti skólinn Íslandsmeistararitil í fjölmennasta Íslandsmóti barnaskólaveita í skák. Þessi yfirlætislausu ummæli skólustjórans fengu mig engu að síður til þess að velja fyrir mér samhengi námsárangurs og skákíðkunar.

Mikilvægur upphafspunktur

Skömmu áður hafði eldhuginn Hrafn Jökullsson lagt fyrir mig framsæknar og áhugaverðar hugmyndir um sérstakt átak í skákkenndu og skákstarfi í grunnskólum borgarinnar með það háleita markmið að gera Reykjavík að skákhöfuðborg heimsins. Hluti af því var að halda Alþjóðlega Reykjavíkurskákímótið árlega í stað annars hvers árs eins og það hefur verið frá árinu 1964. Þetta rifj-



JÚLÍUS VÍFILL
INGVARSSON

aði ég upp við setningu Reykjavíkurskákímótsins sem lauk um helgina og því takmarki er náð að halda það stórmót árlega. Það er óhætt að segja að þetta hafi verið eitt glæsilegasta Reykjavíkurskákímótið sem haldið hefur verið frá upphafi.

Hugmyndin um að efla skákina í grunnskólum borgarinnar hefur einnig fengið vængi og hófst með stofnun Skákakademíu Reykjavíkur á síðasta ári. Í aðdraganda stofnunarinnar fór Hrafn með góðan hóp skákennara í um 15 skóla í borginni til að kanna áhuga og leggja á ráðin með hvaða hætti

Það þarf ekki mikinn viðbúnað til að tefla – aðeins gamalt taflborð, 32 taflmenn og vin sem kann mannganginn. Kyn, aldur eða persónulegir hagi skipta ekki máli.

efla mætti skákstarf í skólum. Þetta var mikilvægur upphafspunktur.

Skákakademían er sjálfseignarstofnun og eru stofnaðilarinn Landsbankinn, Orkuveita Reykjavíkur, Mjólkursamsalan og Reykjavíkurborg. Á þeim skamma tíma sem hún hefur starfað hefur náðst eftirtektarverður árangur. Skákakademían hefur þegar hafið samstarf við helming allra grunnskóla í borginni og af því að þeir eru sjálfstæðir, og hver og einn þeirra

byggir á sinni sérstöðu, hefur samstarfið verið með ólíkum hætti og á forsendum skólanna. Þannig hefur verið tryggt að skákkenndin falli sem best inn í skólustarfið.

Byggir upp sjálfmynd og sjálfstraust

Alþjóðlegi meistarinn Saudin Robovic, sem hefur langa reynslu af skákkenndu barna, hefur bent á hversu stórkostleg aðferð skák er fyrir krakka til að byggja upp sjálfmynd og sjálfstraust. Margar lærðar greinar eru til um það hvernig skákin eflir rökhugsun og við þekkingu gleðileg dæmi um það úr skólakerfinu hvernig skákáhugi nemenda sem glíma við skort á einbeitingu í námi sínu getur gjörbreytt þeirra námsgetu. „Skák er lífið,“ sagði Bobby Fischer og það var hún honum ábyggilega enda komst lítið annað að. Því er hins vegar ekki haldið fram að skákin komi í stað ýmislegs annars eins og t.d. tónlistariðkunar eða þátttöku í íþróttum. Hún eykur á fjölbreytileika og gerir mörgum kleift að finna viðfangsefni við hæfi og viðnám sinna krafta.

Það þarf ekki mikinn viðbúnað til að tefla – aðeins gamalt taflborð, 32 taflmenn og vin sem kann mannganginn. Kyn, aldur eða persónulegir hagi skipta ekki máli. Nú þegar við endurmetum það sem eitt sinn þóttu eftirsóknarverð gildi og leitum nýrra í þeirra stað hef ég trú á því að gömul taflsett verði tekin fram úr skápum. Þá mun koma í ljós að sumir af yngri kynslóðinni sem kynnst hafa starfi Skákakademíu Reykjavíkur eru komnir skrefinu lengra.

Höfundur er formaður Skákakademíu Reykjavíkur.

Hugsum málin til enda

UMRÆÐAN

Sóley Tómasdóttir skrifar um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar



SÓLEY
TÓMASDÓTTIR

Þistill minn í Fréttablaðinu á föstudag um uppnám í barna- og unglíngastarfi borgarinnar fór fyrir brjóstið á Kjartani Magnússyni, formanni íþrótt- og tómstundaráðs. Í svargrein daginn eftir fullyrðir hann að verið sé að finna farsæla lausn fyrir alla aðila á þeim tveimur stóru brotalöllum sem fyrirfinnast í endurskoðaðri fjárhagsáætlun meirihlutans. Jafnframt áfelliast hann undirritaða fyrir yfirlýsingar um uppnám í starfinu, enda vinni embættismenn hörðum höndum við að lágmarka skaðann.

Gert er gert. Fjárhagsáætlunin liggur fyrir og þar er gert ráð fyrir 20 milljóna króna hagræðingu vegna lokunar fristundaheimila á virkum dögum. Jafnframt skortir þar 10 milljónir króna til að hægt sé að halda úti félagsmiðstöðvarhópum yfir sumartímamann. Það er staðreynd sem brýnt er að borgarbyrjari séu meðvitaðir um. Gildir þá einu hvernig meirihlutunum hentar að skilgreina þjónustuna.

Heilir dagar í fristundaheimilum hafa talist til grunnþjónustu borgarinnar fram til þessa, enda hafa þeir verið hluti af starfsemi fristundaheimilanna allt frá því að þau voru stofnuð. Hafi formaðurinn áhuga á að rökræða við börn í 1.-4. bekk um það hvort þjónustan

telst „viðbótar“ eða „grunn“, þá getur hann gert það. Ábyrgðin er eftir sem áður hans.

Að sjálfsgöðu er unnið hörðum höndum að því að leysa málið. Að koma í veg fyrir uppsögn 22 starfsmanna og verulega skerðingu á þjónustu fristundaheimilanna. Metn-

aðarfullt starfsfólk sviðsins mun gera allt sem það getur, það veit

Fjárhagsáætlunin liggur fyrir og þar er gert ráð fyrir 20 milljóna króna hagræðingu vegna lokunar fristundaheimila á virkum dögum.

ég vel. Og sennilega á því eftir að takast að nurla saman fyrir verkefnum með einhverjum hætti. Það er þó ekki pólitískum áherslum meirihlutans að þakka.

Veigar Páll Gunnarsson á við smávægileg meiðslu að stríða og gat af þeim sökum ekki leikið með Nancy í frönsku úrvalsdeildinni um helgina. „Ég hef verið stíður aftan í læri undanfarið og það um að fara í myndatöku eftir að ég kom aftur frá landsliðinu. Í ljós kom að ég er tognður og mér er sagt að ég verði frá í tvær vikur,“ sagði Veigar við Fréttablaðið. Nancy á í harðri fallbaráttu í frönsku úrvalsdeildinni en Veigar Páll hefur fá tækifæri fengið með liðinu síðan hann kom til þess í janúar síðastliðnum.



sport
sport@frettabladid.is

VALSMADURINN ELVAR FRÍÐRIKSSON: HAFNAÐI SAMNINGSTILBOÐI FRÁ FRANSKA FÉLAGINU CRETEIL

Voru líka hrifnir af því að ég talaði frönsku

Stórskytta Valsmanna, Elvar Friðriksson, fór til æfinga hjá franska úrvalsdeildarfélaginu Creteil í síðustu viku. Svo vel gekk hjá kappanum að Frakkarnir buðu honum umsvifalaust samning út þessa leiktíð. Eftir nokkra umhugsun ákvað Elvar að hafna tilboðinu og hann klárar því tímabilið með Valsmönnum.

„Þeir vildu bara fá mig strax. Mér gekk vel á æfingum og svo tala ég líka smá frönsku og þeir voru líka hrifnir af því,“ segir Elvar léttur en faðir hans er þýðandi og mamma hans kennir frönsku. Hann hefur því ágætan grunn í tungumálinu.

„Þetta var bara þriggja mánaða samningur. Ég hugsaði því bara og hvað svo? Ég vildi ekki fara frá Val með úrslitakeppnina handan við hornið fyrir aðeins þriggja mánaða samning. Þetta var samt mjög erfið ákvörðun enda sterkt lið þarna á ferðinni. Ég ákvað samt að klára með Val og það verða vonandi einhverjir útsendarar að fylgjast með. Ef vel gengur er aldrei að vita nema eitthvað annað komi upp á borðið hjá manni,“ segir Elvar en hann er orðinn 22 ára



gamall og því á kjöraldri að eigin mati að taka næsta skref á ferlinum.

„Ég er opinn fyrir öllu og auðvitað væri gaman að reyna fyrir sér erlendis. Ég er tilbúinn að taka næsta skref á ferlinum. Ef ekki þá tek ég bara annað tímabil hér heima og ása það,“ segir Elvar ákveðinn. Elvar og félagar voru teknir í bakarið af HK á sunnudag en liðið mætir einmitt HK í úrslitakeppninni. Kópavogslíðið hefur verið á mikilli siglingu og því ljóst að það bíður Valsmanna verðugt verkefni.

„Það var ekki mikil stemning eftir þennan leik. Óskar þjálfari það menn vinsamlegast um að hysja upp um sig buxurnar. Það er ekki gott að láta niðurlægja sig og hvað þá fyrir framan alla þjóðina eins og í þessum leik,“ segir Elvar, sem hefur ekki áhyggjur af því að slík frammistaða endurtaki sig.

„Þetta mun ekki gerast aftur. Nú erum við komnir með réttu hvatninguna, eigum harna að hefna og munum svara fyrir okkur. Það er alveg klárt.“

FH fær norskan framherja til liðs við sig:

Bindum miklar vonir við Söderlund

FÓTBOLTI FH-ingar hafa fengið liðsstyrk fyrir komandi átök í efstu deild karla nú í sumar. Norski framherjinn Alexander Söderlund hefur samþykkt að ganga í raðir félagsins og verður með allt tímabilið í sumar.

Söderlund verður 22 ára gamall á árinu og er á mála hjá ítalska B-deildarliðinu Treviso sem lánar hann til FH. Hann á einnig að baki nokkra leiki með U-21 landsliði Noregs.

„Það er búið að skrifa undir alla samninga og ekkert sem vantar nema leikheimild. Við vonum að hún verði komin strax í þessari viku,“ segir Heimir Guðjónsson í samtali við Fréttablaðið.

„Hann er búinn að spila með okkur á nokkrum æfingum og við bindum miklar vonir við hann enda

öflugur strákur. Hann er nokkuð hávaxinn og er góður alhliða leikmaður.“

Heimir segir þó ekki útilokað að FH muni styrkja sig enn frekar áður en deildin hefst í vor.

„Við munum skoða málin eftir því sem liður á undirbúnings-tímabilið og hvernig okkur gengur í leikjunum sem eru fram undan,“ sagði Heimir og segir að þá yrði um erlendan leikmann að ræða.

„Það hefur gengið illa að fá íslenska leikmenn. Það gæti verið að leikmenn þori ekki að koma í FH eða þá að þeir halda að þjálfarinn sé svona lélegur,“ sagði hann í léttum dúr. - esá

HEIMIR GUÐJÓNSSON
Segir ekki útilokað að FH fái fleiri leikmenn til liðs við sig fyrir næsta tímabil.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hefði gefið Viggó rautt

Gamla kempan Jón Karl Björnsson er komin hinum megin við borðið og farin að dæma handboltaleiki í stað þess að spila þá. Hann var í eldlínunni á Akureyri á sunnudag þar sem hans gamli þjálfari, Viggó Sigurðsson, sá rautt.

HANDBOLTI Það vakti athygli áhorfenda á leik Akureyrar og Fram nyrðra á sunnudag að félagi Antons Gylfa Pálssonar í dómgæslunni var ekki Hlynur Leifsson eins og vant er. Dómarinn var þó þekktur í handboltaheiminum enda einn öflugasti hornamaður deildarinnar síðustu ár.

Hér er verið að tala um Haukumanninn Jón Karl Björnsson, sem lagði skóna á hilluna eftir síðustu leiktíð. Hann tók í staðinn upp flautuna og var á Akureyri að dæma sinn annan leik í efstu deild karla en hann hefur dæmt nokkuð í efstu deild kvenna í vetur.

„Ég þurfti að hafa eitthvað að gera. Það vantar alltaf dómara og ég tala nú ekki dómara með leikreynslu. Þetta fór því vel saman, það vantar dómara og mig vantaði eitthvað að gera,“ sagði Jón Karl léttur.

Jón hefur verið að dæma síðan hann var fimmtán ára með Júlíusi Sigurjónssyni og hafði löngu ákveðið að hella sér út í dómgæsluna af fullum krafti eftir að ferlinum myndi ljúka. Hann dæmdi leik Vals og Akureyrar um síðustu helgi í N1-deildinni og svo leik Akureyrar og Fram í gær.

Þar var fyrrum þjálfari Jóns Karls, Viggó Sigurðsson, að stýra liði Fram og fékk hann að líta rauða spjaldid í lok leiks. Það var reyndar Anton Gylfi sem lyfti spjaldinu að Viggó en ekki Jón Karl.

„Það var ekkert mál að dæma hjá Viggó. Hann var ekkert æstur fyrr en í restina,“ sagði Jón Karl en hefði hann þorað að gefa Viggó rautt spjald? „Já, ef hann hefði komið svona fram við mig. Hann var með orðaforða sem á að ekki að heyrast. Þetta var óþarfi hjá honum,“ sagði Jón Karl en þessi



MEÐ SPJALDIÐ Á LOFTI Jón Karl Björnsson gefur ekkert eftir í dómgæslunni. Hann segist alls óhræddur við að spjalda fyrrverandi þjálfara og féлага. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

framkoma þjálfara Fram mun líkast til skila því einu að hann byrji úrslitakeppnina í leikbanni.

Jón Karl segir menn almennt hafa verið ánægðir með dómgæslu þeirra féлага í gær og blaðamaður Fréttablaðsins hrósaði Jóni í hástert fyrir sína frammistöðu.

„Það var ekki okkur að kenna að Fram missti leikinn niður. Þeir klúðruðu fjölda dauðafæra og geta því sjálfum sér um kennt að svo fór sem fór,“ sagði Jón sem segir það vera svolítið sérstakt að vera orðinn dómari í deildinni.

„Þetta var svolítið skrítið fyrst.

henry@frettabladid.is

Átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu hefjast í kvöld með tveimur stórleikjum:

United á harma að hefna gegn Porto

FÓTBOLTI Átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu hefjast í kvöld með tveimur leikjum. Villarreal tekur þá á móti Arsenal og Evrópumeistarar Man. Utd taka á móti Porto.

Stuðningsmenn Porto eiga góðar minningar frá Old Trafford en árið 2004 sló Porto United út úr keppninni með marki frá Costinha undir lokin. Muna margir eftir sprettinum sem þáverandi þjálfari Porto, José Mourinho, tók eftir endilöngum vellinum. Porto vann að lokum Meistaradeildina á eftirminnilegan hátt.

Þessum leik hafa leikmenn Manchester United ekki gleymt og hvað þá stjórinn, Sir Alex Ferguson. United hyggur á hefndir í kvöld þó svo að liðið hafi litla hvíld fengið en það spilaði í deildinni á sunnudaginn.

United verður án Rio Ferdinand í leiknum en hann meiddist með enska landsliðinu gegn Úkraínu. Miðjumaðurinn Anderson verður



MAÐUR STUNDARINNAR Allra augu beinast að Ítalanum Federico Macheda þessa dagana. Hann byrjar á bekknum í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

líklega einnig fjarri góðu gamni en hann meiddist einnig í landsleik. Gleðitíðindin fyrir United eru þau að Nemanja Vidic, Wayne Rooney og Paul Scholes eru komnir úr banni og spila í kvöld. Johnny Evans mun leika við hlið Vidic í miðri vörninni.

„Það er gott að fá mennina úr banni til baka. O'Shea fer svo í hægra bakvörðinn. Það er gott að hafa Rooney og Scholes klára, sem og Park. Ég hef úr möguleikum að velja sem betur fer,“ sagði Ferguson.

Robert Pires bíður manna spennastur eftir því að fá að mæta Arsenal í kvöld – félaginu sem hann lék með svo lengi.

„Ég er mjög sáttur við að mæta Arsenal því mig langaði alltaf að mæta því áður en ég legg skóna á hilluna. Það verður gaman að koma til London og kveðja stuðningsmennina, sem voru frábærir við mig. Ef ég verð svo heppinn að skora gegn Arsenal mun ég ekki fagna, af virðingu við alla hjá félaginu,“ sagði Pires. Hann heldur ágætu sambandi við Wenger og ræddi við hann í síma skömmu fyrir dráttinn í Meistaradeildinni þar sem þeir ræddu þann möguleika að mæstast í keppninni. - hbg

FRÁ LEIKSTJÓRA ALONG CAME POLLY KEMUR ÓTRÚLEGA FYNDIN MYND Í ANDA KNOCKED UP OG FORGETTING SARAH MARSHALL

9. HVER VINNUR!



PAUL RUDD JASON SEGEL

I LOVE YOU, MAN

...ERTU NÓGU MIKILL MAÐUR TIL AÐ SEGJA ÞAÐ?

SENDU SMS ESL LMV Á NÚMERIÐ 1900

PÚ GÆTIR UNNIÐ BIÓMIÐA!

VINNINGAR: BIÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR, GOS, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!



149 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

KOMINN Í
ELKO!

Corleone FJÖLSKYLDAN VILL FÁ ÞIG TIL AÐ TAKA VÖLDIN!

The Godfather II

SENDU SMS **EST GFM**
Á NÚMERIÐ **1900**

- ÞÚ GÆTIR UNNÐ **eintak!**


FULLT AF AUKAVINNINGUM:
TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR,
GOS OG MARGT FLEIRA!



VEFVERSLUN **ELKO.is**



**9. HVER
VINNUR!**



199 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.



VAN PERSIE Hefur verið mikilvægur hlekkur í liði Arsenal. NORDIC PHOTOS/GETTY

Blóðtaka fyrir Arsenal:

Van Persie ekki með í kvöld

FÓTBOLTI Hollendingurinn Robin van Persie verður ekki með Arsenal, sem mætir Villarreal í Meistaradeild Evrópu í kvöld. Hann meiddist á nára í leik með hollenska landsliðinu nú um síðustu helgi.

Hins vegar eru góðu fréttirnar þær fyrir Arsene Wenger, stjóra Arsenal, að Emmanuel Adebayor getur spilað með liðinu á ný eftir tveggja mánaða fjarveru vegna meiðsla. Þá eru þeir Theo Walcott og Samir Nasri báðir heilir heilsu og eru leikfærir í kvöld. - esá

Toppslagur í B-deild Englands:

Mikilvægt hjá Birmingham

FÓTBOLTI Birmingham vann í gærkvöldi afar mikilvægan 2-0 sigur á Wolves í toppbaráttu ensku B-deildarinnar þó svo að liðið hafi verið manni færri í 53 mínútur.

Staðan í leiknum var markalaus er Lee Carsley var vikið af velli eftir grófa tæklingu á Chris Iwelumo, sem þurfti að fara af velli skömmu síðar.

Cameron Jerome kom svo Birmingham yfir á lokamínútu fyrri hálfleiks og Garry O'Connor tryggði liðinu sigurinn með marki á 69. mínútu.

Þar með minnkaði forysta Wolves á toppi deildarinnar í tvö stig. Birmingham er í öðru sæti og Reading því þriðja, átta stigum á eftir Wolves. - esá

Íslendingar í Svíþjóðarbolta:

Edda skoraði sigurmarkið

FÓTBOLTI Edda Garðarsdóttir skoraði sigurmark Örebro gegn Sunnaná í sænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gærkvöldi. Leiknum lauk með 1-0 sigri Örebro en mark Eddu kom strax á sjöttu mínútu leiksins.

Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir var einnig í byrjunarliði Örebro og léku þær báðar allan leikinn.

Einnig var leikið í karlaboltanum í Svíþjóð en fyrstu umferðinni lauk í gær. Helsingborg vann 1-0 sigur á IFK Gautaborg þar sem Ragnar Sigurðsson var í byrjunarliði síðarnefnda liðsins. Hjálmar Jónsson var á bekknum. - esá



Aftur stranda KR-ingar í Röstinni

Grindavík vann í gær sigur á KR í úrslitarimmi Iceland Express-deildar karla um Íslandsmeistaratilinn, 100-88. Staðan í rímmu liðanna er því jöfn, 1-1. Þetta var fyrsta tap KR í úrslitakeppninni á tímabilinu.

KÖRFUBOLTI Úrslitaevnigið í Iceland Express-deild karla virðist ætla að verða gríðarlega spennandi. Það varð ljóst í gærkvöld þegar Grindvíkingar stóðust pressuna og unnu verðskuldaðan 100-88 sigur á KR í öðrum leik liðanna í Grindavík.

Það var frábær stemning í Grindavík í gær og greinilegt að bæjarbúar ætluðu að styðja vel við bakið á sínum mönnum. Íþróttahúsið í Grindavík var troðfullt og stemningin frábær þegar leikmenn voru kynntir til sögunnar með reykt og ljósasýningu. Lið heimamanna svaraði þessari stemningu vel á velli og náði fljótleiga forystu í leiknum. Grindavík hafði yfir 23-21 eftir fyrsta leikhlutana og leiddi í hálfleik 48-43.

Það var greinilegt að heimavöllurinn náði fram því besta í liði heimamanna og allt annað var að sjá til þeirra en í fyrsta leiknum. Þriðji leikhlutinn var hnífjafn en á upphafsmínútum fjórða leikhlutans urðu þáttaskil í leiknum. Þá fóru þriggja stiga skotin að detta hjá Grindvíkingum og tvö slík frá Þorleifi Ólafssyni og Brenton Birmingham komu Grindavík tíu stigum yfir. KR reyndi án afláts að minnka muninn á síðustu mínúturnum, en heimamenn héldu haus og unnu verðskuldaðan sigur. „Það hefði verið eitthvað að ef menn hefðu ekki rífið sig upp í svona stemningu,“ sagði ánægður þjálfari Grindavíkur, Friðrik Ragnarsson.

Brenton Birmingham var besti maður Grindavíkurliðsins og skoraði 28 stig og hirti átta fráköst, en hann hefur fengið enn stærra hlutverk í sóknarleiknum eftir að Páll Axel Vilbergsson meiddist. Þorleifur Ólafsson var drjúgur með fjórtán stig og ellefu fráköst. Hjá KR var Jason Dourisseau atkvæðamestur með 22 stig og fimmtán fráköst, Helgi Magnússon 21 stig og Jón Arnór Stefánsson með sextán stig og tólf stoðsendingar.

GRINDAVÍK - KR 100-88

Stig Grindavíkur: Brenton Birmingham 28 (8 fráköst, 6 stoðsendingar), Nick Bradford 14, Þorleifur Ólafsson 14 (11 fráköst), Helgi Jónas Guðfinnsson 12, Guðlaugur Eyjólfsson 11, Páll Kristinsson 10, Páll Axel Vilbergsson 7, Arnar Freyr Jónsson 4.

Stig KR: Jason Dourisseau 22 (15 fráköst), Helgi Már Magnússon 21 (10 fráköst), Jón Arnór Stefánsson 16 (12 stoðsendingar, 7 fráköst), Jakob Sigurðarson 11, Fannar Ólafsson 8, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3, Brynjar Þór Björnsson 3, Skarphéðinn Ingason 2, Darri Hilmarsson 2.



BRENTON BIRMINGHAM Átti stjórnuleik í liði Grindavíkur í gær og skoraði 28 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Staðan í evnigi liðanna er því orðin jöfn, 1-1, og ljóst að allt getur gerst í næsta leik, sem fram fer í vesturbænum á fimmtudagskvöld. Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, tók undir það. „Grindvíkingarnir voru bara betri í kvöld líkt og við vorum betri í fyrri leiknum. Það voru þeir sem stjórnuðu ferðinni í þessum leik en ekki við, þannig að við verðum að snúa því við aftur. Svona er úrslitakeppnin. Maður á góða sigra og svo tapar maður líka. Það er bara áfram gakk í þessu og þetta er ekkert til að skæla yfir,“ sagði þjálfarinn í samtali við Fréttablaðið. baldur@365.is



HALDIÐ Í SKEFJUM Jón Arnór Stefánsson sýndi marga glæsitakta í leiknum í gær en stundum höfðu varnarmenn Grindavíkur betur í baráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Friðrik Ragnarsson og Brenton Birmingham eftir sigur Grindavíkur á KR í Röstinni í gærkvöldi:

Við höfum hungur til að ná enn lengra

KÖRFUBOLTI Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, og besti maður liðsins í gær, Brenton Birmingham, voru kampakátir með sigur sinna manna á KR-ingum í gær, 100-88. Þar með er staðan jöfn, 1-1, í rímmu liðanna um Íslandsmeistaratilinn. Liðin mætast næst á fimmtudaginn í KR-heimilinu.

„Ég er ánægður með hugarfarið hjá mínum mönnum og áhorfendur sáu um að rífa upp stemninguna með okkur. Við sýndum það að við ætlum að vera

með í þessari keppni. Menn voru farnir að tala um að við myndum detta út 3-0 strax í fyrri hálfleik á fyrsta leiknum, en KR fékk bara einn sigur fyrir þann leik þó að sigurinn hefði verið góður. Við erum komnir þetta langt og höfum hungur til að ná lengra,“ sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, eftir sigurinn á KR í gær. Grindavíkurliðið varð fyrir því óláni að missa Helga Jónas Guðfinnsson í meiðsli í leiknum og hann er spurningarmerki fyrir næsta leik. „Ég veit ekki með Helga, en það er ljóst að maður verður að koma í manns stað. Páll Axel fann sig betur í kvöld en í síðasta leik og það er jákvætt,“ sagði Friðrik.

Brenton Birmingham sýndi í gær að hann er með betri körfuboltamönnum landsins þó svo að hann hafi verið meðal elstu manna vallarins í gær.

„Ég hef verið að spila eins og 36 ára gamall maður og þjálfarinn sagði mér að hætta því og vera grimmari í sóknarleiknum,“ sagði Brenton Birmingham, sem átti fínan leik með Grindavík í



FRIÐRIK RAGNARSSON Ánægður með hugarfarið hjá leikmönnum Grindavíkur.

gær og skilaði 28 stigum. „Það var að duga eða dreypa fyrir okkur því það er ekki auðvelt að lenda undir á móti svona liði eins og KR.

Okkur tókst að verja heimavöllinn og nú er bara að stela einum í Reykjavík,“ sagði Birmingham. - bb

TEPPI Á STIGAGANGINN

GÓLFEFNI ÞÉKKING ÞJÓNUSTA

Stepp ehf Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is

Grafika 2008

SPORT
besta sætið

UEFA
**CHAMPIONS
LEAGUE**

8 LIÐA ÚRSLIT Í MEISTARAEILDINNI

Í KVÖLD KL. 18:30

MAN.UTD. – PORTO

SPORT VILLARREAL – ARSENAL

Á MORGUN KL. 18:30

LIVERPOOL – CHELSEA

SPORT BARCELONA – B. MÜNCHEN



**FRÁBÆRT
PÁSKATILBOÐ!**

SPORT

5.390 KR.

Á MÁNUDI Í 3 MÁNUÐI FYRIR KREDITKORTHAFNA VISA
NÁÐAR UM TILBOÐIÐ Á STOD2.IS

VISA

ÞESSIR LEIKIR FARA Í SÖGUBÆKURNAR

> Cameron Diaz

„Ég, eins og allar aðrar konur, á fullan skáp af fötum en ekkert til að fara í. Svo ég enda alltaf í gallabuxum.“ Diaz fer með hlutverk í myndinni *She's the One* sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.



dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON ENDURMETUR SÍGILT SJÓNVARPSEFNI****Eru 15.638 þættir nokkuð nóg?**

Nýlega bárust sjónvarpsunnendum þau válegu tíðindi að bandaríska sjónvarpsstöðin CBS hygðist hætta að sýna þættina *Leiðarljós*, eða *Guiding Light*. Væntanlega hefur það verið að vandlega athuguðu máli því þessir þættir eru engin dægurfluga; þeir hófu göngu sína í útvarpi snemma árs 1937 og eru því orðnir 72 ára gamlir. Á þessum 72 árum hafa svo verið framleiddir 15.638 þættir. Það er töluverður slatti.

Reyndar verður að segjast að *Leiðarljós* hefur aldrei verið hátt skrifað hjá sjálfskipuðum fagurkerum og menningarvitum, því þættirnir þykja falla að öllum staðalmyndum um innantóma sápu-óperu sem juðast áfram árum saman án þess að handritshöfundar sjái nema rétt svo fram fyrir hendurnar á sér. Mörgum finnst líka fyndið að segjast hafa titíð, fyrir slýsni að sjálfsgöðu, á einn þátt eftir tveggja eða þriggja ára hlé og séð um leið að þeir hefðu ekki misst



af neinu markverðu. *Leiðarljós* hefur helst átt dyggan aðdáendahóp meðal eldra fólks, en þeir eru ófár sem hafa gert það að helgistund á hverjum degi að horfa á þáttinn og taka ekki í mál að missa af einum einasta.

Sjálfur held ég að ég hafi aldrei séð meira en fimm mínútur ósliðnar af *Leiðarljósi*. Mig minnti, áður en ég fletti því upp, að þættirnir gerðust í borg sem hét Springfield og að fjölskylda að nafni Spalding eða Spaulding kæmi við sögu. En nú er ég orðinn hugs. Þættir sem hafa gengið svona rosalega lengi hljóta bara að hafa eitthvað við sig sem ég hef ekki gripð

í fyrstu. Þess vegna vona ég að einhver velviljuð sjónvarpsstöð vestra taki þættina upp á sína arma svo RÚV geti haldið sýningu þeirra áfram og ég geti gefið þeim tækifæri til að heilla mig. Ef ekki neyðist ég sennilega til að verða mér úti um heildarsafnið á DVD og geyma það í bílskúrnum.

ÞRIÐJUDAGUR

► **18.30 Man. Utd - Porto**, beint STÖÐ 2 SPORT



► **19.50 Eldhúsdagur á Alþingi** SJÓNVARPIÐ



► **20.00 The Biggest Loser** SKJÁREINN



► **20.30 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA



► **22.00 Ashes to Ashes** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

15.00 Alþingiskosningar - Borgarafundur Uptaka frá opnum borgarafundi á Ísafirði. (e)

16.35 Leiðarljós

17.20 Tákn málsfréttir

17.30 Bjargvætturinn (24:26)

17.55 Lítil prinsessa (11:15)

18.05 Þessir grillarasþóar (7:10)

18.10 Skólahreysti Þáttaröð um keppni stráka og stelpna í 9. og 10. bekk grunnskólanna í upphifingum, armbeygjum, dýfum og hraðþraut. Kynnir eru Ásgeir Erlendsson og Greta Mjöll Samuðelsdóttir. (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

► **19.50 Eldhúsdagur á Alþingi** Bein útsending frá almennum stjórnmálaumræðum á Alþingi.

22.00 Tíufréttir

22.20 Tveiki (Dalziel & Pascoe V) (5:8) Sýra úr breski þáttaröð um rannsóknarlögglumenn sem fá til úrlausnar ævispennandi sakamála. Aðalhlutverk leika Warren Clarke og Colin Buchanan.

23.10 Víkingasveitin (Ultimate Force) (3:6) Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál. Aðalhlutverk leika Ross Kemp, Miles Anderson, Liam Garrigan, Christopher Fox og Heather Peace. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)

00.05 Kastljós (e)

00.20 Dagskrárlök

BIÓ

08.00 My Date with Drew

10.00 Finding Neverland

12.00 She's the One

14.00 Life Support

16.00 My Date with Drew

18.00 Finding Neverland

20.00 She's the One Rómantísk gamanmynd með Edward Burns, Cameron Diaz, Jennifer Aniston og Mike McGlone í aðalhlutverkum.

22.00 Notes of a Scandal

00.00 Lady in the Water

02.00 Point Blank

04.00 Notes of a Scandal

06.00 Sneakers

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.

08.15 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 La Fea Más Bella (289:300)

10.15 Sisters (22:28)

11.05 Burn Notice (5:13)

11.50 60 mínútur

12.35 Nágrannar

13.00 Hollyoaks (162:260)

13.25 Little Manhattan

15.05 Sjáðu

15.40 Stuðboltastelpurnar

16.05 Tutenstein

16.30 Ben 10

16.50 Kalli og Lóa

17.05 Bold and the Beautiful

17.30 Nágrannar

17.55 Friends (10:24)

18.20 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.35 The Simpsons (10:20)

20.00 The New Adventures of Old Christine (1:10)

20.25 How I Met Your Mother (13:20) Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnst enn betur vininum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.

20.50 Little Britain USA (5:6) Fyndnasta tveiki Bretlands er mætt aftur.

21.15 Bones (5:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknuustu morðmálum.

► **22.00 Ashes to Ashes** (4:8) Alex Drake fer aftur til ársins 1981. Þar hittir hún aðalvarðstjórnarinn harðgerða og hortuga Gene Hunt.

22.55 The Daily Show: Global Edition

23.20 Auðdi og Sveppi

00.00 Grey's Anatomy (18:24)

00.45 Little Manhattan

02.15 Riding the Bullet

03.50 Bones (5:26)

04.35 How I Met Your Mother (13:20)

04.55 Little Britain USA (5:6)

05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

07.00 Grindavík - KR Útsending frá leik í úrslitakeppni Iceland Expressdeildarinnar í körfubolta.

15.10 Þýski handboltinn Hver umferð gerð upp. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

15.40 World Supercross GP Að þessu sinni fór mótið fram í Toronto í Kanada.

16.35 PGA Tour 2009 - Hápunktar Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

17.30 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu Hver umferð skoðuð í bak og fyrir.

18.00 Meistaradeild Evrópu - Upphitun

► **18.30 Man. Utd - Porto** Bein útsending frá leik Man. Utd og Porto. Sport 3: Villarreal - Arsenal

20.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.

21.00 Villarreal - Arsenal Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

22.50 Augusta Masters Official Film Flottur þáttur þar sem fjallað er um Augusta Masters mótið í golfi.

23.50 Man. Utd - Porto Útsending frá í Meistaradeild Evrópu.

01.30 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk

SPORT 2

enski boltinn

14.40 Fulham - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

16.20 Bolton - Middlesbrough Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

18.30 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðuð í þessum magnaða markapætti.

19.00 Everton - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

20.40 Man. Utd. - Aston Villa Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

22.20 Markapáttur Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.

23.15 Newcastle - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Óstöðvandi tónlist

17.20 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

18.05 The Game (7:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

18.30 Spjallið með Sölva (7:12) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörum um úr. (e)

19.30 Kátá maskínán (10:12) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna og rætt við listamenn úr öllum krókum og kimum listalífisins.

► **20.00 The Biggest Loser** (11:24) Bandarísk raunveruleikasæria þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Eftir óvæntar sviptingar í síðasta þætti reyna fitubollurnar og þjálfarar þeirra að snúa sér aftur að aðal málinu og losa sig við aukakilóin.

21.00 Nýtt útlit (4:10) Hárgreiðslu- og föðunarmeistarinn Karl Bernsdén veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá föðun til fata. Það þarf engar geðveikar æfingar, megrunarkúra eða fitusög, bara einfaldar lausnir og góð ráð.

21.50 The Cleaner (5:13) Þættir byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum fíknarinnar. William hjálpar unglingspilti sem óttast að pabbi sinn falli aftur í sama farið eftir að hann var látinn laus úr fangelsi.

22.40 Jay Leno

23.30 CSI (12:24) (e)

00.20 Óstöðvandi tónlist



20.00 Hrafnaping Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Bjarni Benediktsson og Steingrímur J. Sígússon leiða saman hesta sína

21.00 Íslands safarí Akeem Richard Oppong rýnir í afstöðu og aðbúnað innflytjanda á Íslandi.

21.30 Á réttir leið Katrín Júlíusdóttir þingkona ræðir um málefni Samfylkingarinnar.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.



Dagskrá allan sólarhringinn.

**VILTU KAUPA, SELJA EÐA LEIGJA?
STÆRSTI OG ÖFLUGASTI
FASTEIGNA- OG LEIGUVEFUR
LANDSINS!**

YFIR 15.000 EIGNIR Á SKRÁ

VÍSIR.IS
FÉLAG FASTEIGNASALA

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

The New Adventures of Old Christine

Þriðja þáttaröðin um Christine sem er fráskilin og einstæð móðir sem lætur samvísingum og óþrjótandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði. Sérstaklega á hún erfitt með að slíta sig frá fyrrverandi eiginmanni sínum sem hún á í vægast sagt nánu og sérkennilegu sambandi við. Christine sér aumur á honum og er sífellt að koma honum til aðstoðar, sem að sjálfsgöðu skemmir heilmikið fyrir ástarmálum hennar.



VIÐ MÆLUM MED

Little Britain USA

Stöð 2 kl. 20.50

Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni ætla þeir að grínast í Bandaríkjunum. Þeir félagar bregða sér í hlutverk hinna ýmsu furðufugla og gera óspart grín að öllu því sem okkur



Evrópubúum þykir hvað hallærislegast í fari Kanans. Í þessari þáttaröð ganga þeir félagar ennþá lengra en nokkru sinni fyrr í að ögra siðferðiskennd hinna allra þröngsýnustu og uppskera hverja drepfyndnu senuna á fætur annarri.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfreginir
- 06.50 Bæn
- 07.03 Auðlindin
- 07.10 Morgunvaktin heldur áfram
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Pipar og salt
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfreginir
- 13.00 Vitt og breitt
- 14.03 Íslendingar í fangabúðum nasista
- 15.03 Útlarpssagan: Blátt og rautt
- 15.30 Bobby Hutcherson sextettinn leikur
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfreginir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 19.00 Íslensk trúartónlist í dymbilviku
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Bláar nótur í bland
- 21.00 Í heyranda hljóði
- 22.07 Veðurfreginir
- 22.12 Lestur Passíusálma
- 22.18 Fimm fjórðu
- 23.05 Gatan mín
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (161:260)
- 16.30 Hollyoaks (162:260)
- 17.00 Seinfeld (13:22)
- 17.30 Ally McBeal (19:24)
- 18.15 The O.C. (16:27)
- 19.00 Hollyoaks (161:260)
- 19.30 Hollyoaks (162:260)

20.00 Seinfeld (13:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur.

20.30 Ally McBeal (19:24) Cage, Fish og Nelle verja lagafyrirtæki fyrir að hafa neit að konu um að gerast hluteigandi í fyrirtækinu eftir að hún varð ólétt. Billy og Georgia reyna að bjarga hjónabandinu og leita til hjónabandsráðgjafa.

21.15 The O.C. (16:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.

22.00 New Amsterdam (2:8) Spennuþáttur um hinn ódauðlega John Amsterdam sem í hartnær 400 ár hefur lifað í líkama 35 ára gamals manns. Hann er nú lögreglu maður í New York enda gjörþekkir hann orðið huga glæpamanna.

22.45 Weeds (6:15) Ekkjan úrræðagóða, Nancy Bowden, ákvað að hasla sér völl sem eiturfjalsali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.

23.15 Auddi og Sveppi

23.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.15 The Inspector Lynley Mysteries 11.00 The Inspector Lynley Mysteries 11.45 My Hero 12.15 The Weakest Link 13.00 EastEnders 13.30 My Hero 14.00 After You've Gone 14.30 The Weakest Link 15.15 The Inspector Lynley Mysteries 16.05 The Inspector Lynley Mysteries 16.55 EastEnders 17.25 The Weakest Link 18.10 My Hero 18.40 After You've Gone 19.10 The Inspector Lynley Mysteries 20.00 Hustle 20.50 My Hero 21.20 After You've Gone 21.50 Hustle 22.40 The Inspector Lynley Mysteries 23.30 The Inspector Lynley Mysteries

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Deadline 2. Sektion 10.40 OBS 10.45 Viden om 11.15 So ein Ding 11.30 Sager der nager 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 SPAM - Din digitale medieguide 14.30 Oggy og kakerlakkene 14.35 Monster allergi 15.00 Lloyd i Rummet 15.30 Lille Nerd 16.00 Géniale dyr 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Tæt på tigeren 18.00 Hammerslag 18.30 Mission. Baby 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Kong Salomons miner 20.55 Truslen fra solen 22.20 Sager der nager

NRK1

10.00 NRK nyheter 10.10 Livet i Fagervik 10.55 Verdensarven 11.10 Berlin, Berlin 11.35 Slipp naboene løs 12.05 Norge rundt 12.30 I sørhell-inga 13.00 NRK nyheter 13.05 Par i hjertet 13.55 Filmavisen 1959 14.05 Filmavisen 1959 14.15 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Dyrisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Travelbymysteriene 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Påskenetter 17.45 Min tur - Kringelbotn 18.05 Minner 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Englebarnet 20.40 Extra-trekning 20.55 Løsning påskenetter 21.00 Kveldsnytt 21.15 5x2 22.40 The Wire

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Bergen - Kirkenes t/r 10.35 I trädgården med Camilla Plum 11.30 Mitt liv som hund 13.10 Drömprinsen 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Packat & klart 15.25 Flyttlasset går 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Vem tror du att du är? 19.00 Andra Avenyn 19.45 Laws of Attraction 21.15 Kulturyheterna 21.30 Sommer 22.30 Sändningar från SVT24



Páskadagar í next

Allt sem er gult, gult finnst mér vera fallett.

30% afsláttur af öllum gulum vörum til páska!

next

Kringlunni • 551 3200

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Mér finnst topp kósi að hlusta á Rás 2 í morgunsárið svo hef ég verið að hlusta á Double Fantasy með John Lennon og Yoko Ono.“

Hafrún Alda Karlsdóttir sölumaður hjá Henrik Víðskov.

Herbert þrykkir á liðið í spinningtíma

„Þetta er í annað skiptið sem ég spila í spinningtíma en núna erum við að gera þetta meira „professionál“. Ég ætla að mæta með söngkerfi á svæðið og þrykkja á liðið,“ segir Herbert Guðmundsson, sem spilar í spinningtíma í Sporhúsi Kópavogs á miðvikudaginn. Fetar hann þar í fótspor rokkaranna í Dr. Spock sem gerðu slíkt hið sama fyrir jólin.

Pennan dag verður opið hús til stuðnings Neistanum, styrktarfélagi Hjartveikra barna, og verða ýmsar uppákomur á dagskrá. „Ég ætla að taka nokkur lög „live“ og sjá um tónlistina í tímanum,“ segir Herbert og nefnir til sögunnar þrjár útgáfur af slagaranum Can't

Walk Away, þar af tvær splunku-nýjar og dansvænar.

Þessi lifandi goðsögn spilaði fyrst í spinningtíma í Ólafsvík fyrir nokkrum árum þegar hann seldi þar bækur. „Ég var mannaþur þar af einum manni að mæta í spinningtíma og taka lagið og ég mætti með kassagítarinn.“

Herbert stundar sjálfur líkamrækt í Sporhúsinu og voru því hæg heimatökin að fá hann um borð. Þar æfir hann alla daga vikunnar nema á sunnudögum, þar af þrjú daga í viku hjá Garðari Sigvaldassyni einkaþjálfara. „Hann er sá besti á landinu,“ fullyrðir Herbert. „Ég sá mann úti í bæ sem var geðveikt flottur og ég spurði:

„Hvað kom fyrir þig?“ Þá var hann í þjálfun hjá Garðari. Hann lætur þig æfa og stendur yfir þér. Það þýðir ekkert að vera með neitt væl.“

Tveir mánuðir eru liðnir síðan hann byrjaði að puða í Sport-húsinu og hefur árangurinn ekki látið á sér standa. „Það eru farin af mér sex kíló og fimm sentimetrar utan af belgnum á mér, þannig að þetta er að eitthvað að skila sér.“

HERBERT GUÐMUNDSSON
Herbert spilar í spinningtíma í annað sinn á ferlinum í Sport-húsinu á miðvikudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT hugsa, **6.** snæddi, **8.** hár, **9.** tilvist, **11.** gangflötur, **12.** flottur, **14.** gort, **16.** hvað, **17.** húsfreyja, **18.** kærleikur, **20.** tímaeining, **21.** málmur.

LÓÐRÉTT 1. elds, **3.** tveir eins, **4.** garðplöntutegund, **5.** einkar, **7.** æxl-ast, **10.** spor, **13.** skarð, **15.** matar-geymslu, **16.** rámur, **19.** á fæti.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. huga, 6. át, 8. ull, 9. líf, 11. íll, 12. smær, 14. gubba, 16. ha, 17. frú, 18. ást, 20. át, 21. stál.
LÓÐRÉTT: 1. bál, 3. un, 4. gíttíbra, 5. all, 7. tímgæs, 10. far, 13. róf, 15. búni, 16. há, 19. tá.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8.

- 1 Hauki Guðmundssyni, forstjóra Útlendingastofnunar.
- 2 Reykjavík Whale Watching Massacre.
- 3 Federico Macheda.

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið

ÞÓRARINN LEIFSSON: ÞJÓFURINN NÆR ALDREI AÐ OPNA TÖLVUNA

Bíræfinn þjófur rænir rithöfunda við Bjarnarstíg

„Löggan líkti þessum við hrafna sem stinga sér til jarðar sjái þeir glampa í silfur,“ segir Auður Jónsdóttir rithöfundur.

Þau hjón, hún og Þórarinn Leifsson rithöfundur og myndlistarmaður, urðu fyrir sérstæðri lífsreynslu að kvöldi sunnudags. Bíræfinn þjófur seiddist inn um eldhúsglugga þeirra og stal tölvu Þórarins. Um er að ræða Macbook en þau búa til bráðabirgða í kjallaraíbúð við Bjarnarstíg. „Við vorum inni í stofu með sextán ára dóttur minni og vorum að horfa á Rokk í Reykjavík þegar við heyrðum þrusk í eldhúsinu sem er þarna alveg við stofuna. Héldum að þetta væri köttur og fórum til að stugga við honum,“ segir Þórarinn. Auður segir þau hafa verið nokkra stund að átta sig á því að tölvun var horfin en hún var í hleðslu úti í glugga. „Við vorum nánast í sama herbergi. Hálfur veggur á milli,“ segir Auður sem furðar sig mjög á bíræfninni og því að hafa verið rænd í svo miklu návígi. Þórarinn telur sig hafa séð þjófinn áður rýna inn í íbúðina. „Tvitugur naggur með kaska. Ég þekki hann aftur ef ég sé hann.“

Tölvun geymir handrit nýrrar barnabókar sem Þórarinn er að vinna í og ráðgert er að komi út í haust. Nánast fyrir tilviljun er ekki um tilfinnanlegt tjón að ræða því fyrir um daginn hafði Þórarinn tekið „back-up“ af handritinu. „Svo þarf nú sérstakt trix til að ræsa hana. Þannig að þetta verður martröð fyrir þjófinn,“ segir Þórarinn. Og bendir á að reyni þjófurinn að koma henni í verð gæti það komið aftan að honum því kaupandinn hljóti að líta svo á að um svikna vöru sé að ræða. „Og höggvi hausinn af þjófnum.“

Auður og Þórarinn hafa búið um árabíl erlendis, í glæpahverfi



Á VETTANGI GLÆPSINS Auður og Þórarinn urðu fyrir því að vera rænd nánast fyrir augum sér þegar þjófur seiddist inn um eldhúsglugga og stal tölvu Þórarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

á Norðurbrú í Kaupmannahöfn og í Barselóna, en aldrei orðið fyrir viðlíka. Auður sagði af þjófnaðinum á Facebook-síðu sinni og fékk gríðarleg viðbrögð. Meðal annars frá konu sem búsett er við Kára-stíg og segist hafa ítrekað orðið fyrir svipuðu. Auður telur að um holskeflu þjófnaða á svæðinu sé að ræða. Og Fréttablaðið greindi frá því fyrir nokkru að einn íbúi Bjarnarstígs, Óskar Jónasson, hefði verið rændur tölvu sinni.

Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn í Reykja-

vík, segir ofmælt að tala um faraldur þjófnaða. Hins vegar séu svona smáþjófnaðir algengir, ekki síst á þessu svæði: Ofan og neðan Laugavegs og í Þingholtunum. „Þetta eru menn sem ganga um og virðast hafa það eitt fyrir stafni að leita uppi auðsött verðmæti,“ segir Ómar og bendir á að þjófnaður á fartölvum sé heimskulegur því hægt sé að rekja það hvar þær eru settar í samband. Aðspurður segir hann að auðgunarbrotum hafi fjölgað um helming frá því í haust.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

RÚV-arar eru hópur sem helst sver sig í ætt við sértrúarsöfnuð og meðlimur þar hlýtur að teljast rithöfundurinn **Ævar Örn Jósefsson**. Þegar Bylgjan bjargaði Spurningakeppni fjölmiðlanna nú um páska, sem Rás 2 sló af í sparnaðarskyni, bauðst Ævari að halda utan um keppnina. En jafnvel þó þátturinn hefði verið drepinn á Rás 2 fannst Ævari hann hvergi annars staðar eiga heima! Og það jafnvel þó kostnaður við þáttinn væri ekki nema helmingur mánaðarlauna þeirra sem ákváðu að drepa hann í sparnaðarskyni. Logi Bergmann þykir ekki slæmur kostur sem nýr umsjónarmaður þáttarinn.



Mjög tvennum sögum fer af því hvernig þeir sem sóttu skemmti- staðinn Hollywood snemma á 9. áratug síðustu aldar skemmtu sér á sérstöku endurfundakvöldi sem var um helgina á Broadway. Öllu var til tjaldað og ekki vantaði aðsóknina nema síður sé. Margir gestanna segja allt of mikið hafa verið í húsinu, troðningur, endalaus bið við barinn, stymplingar, víni hells yfir fót og troðið á fótum manns en svo lýsir einn þeirra sem um kvöldið sig tjáir á sérlegri facebook-síðu kvöldsins. Aðrir tala um „geggjað Hollywoodball“ og vilja að leikurinn verði endurtekinn.

Trymbillinn snjalli og Vantrúar- maðurinn **Birgir Baldursson** lætur hvergi deigan síga og blæs nú þriðja sinni til bingós á föstudaginn langa. Bingóið verður haldið á Austurvelli klukkan 12.30. Með þessu brjóta Vantrúarmenn helgidaga- fríð sem sérstaklega bannar bingó og aðrar skemmtanir. Vantrúar- menn segja þessi lög byggja á ófgakenndri lútherstrú og óeðlilegu sambandi ríkis og kirkju.



- jbg

20% AFSLÁTTUR

APRÍL TILBOÐ
20% af öllum Fruit og Classic pakkningum!

Nicotinell

Nicotinell er samstarfsaðill Krabbameisfélagsins

Nicotinell náttúrlýfi fást án lyfjaskatts og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfju. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðar eftir því hversu mikið var reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stíki á dag. Því þer að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið óhæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfjans, fengið hjartaáfall myega, óstöðuga eða versandi hjartaöng, alvarlega hjartaláttaregu eða heilblóðfall myega, eiga ekki að nota Nicotinell náttúrlýfi. Börn undir 15 ára aldri, þungbúar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að leiðarmóð. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.

SKIPHOLTS APÓTEK
Skiptiholti 50b • 105 Reykjavík

Moka út bókum á Akureyri

„Bókamarkaðurinn á Akureyri er brjálaður „sökksess“,“ segir Kristján B. Jónasson formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, og dregur hvergi af sér. Hann er að tala um bókamarkað sem nú stendur við bakka Glerár á Akureyri: „Á fyrstu tveimur dögum var búið að selja fyrir helming þess sem selt var fyrir allan tímann í fyrra. Aðsóknin er með ólíkindum og sé hún reiknuð yfir á höfuðborgarsvæðið væri það eins og tugþúsundir hefðu farið á bókamarkaðinn þessa helgi. Aukningin á dag hefur verið frá 120 prósentum upp í 170 prósent.“

Eftir að hafa slegið öll sölu- og aðsóknarmet í miðri kreppu flutti bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda sig norður; til höfuðstaðar hins bjarta norðurs, skíðaparadísarinnar og fæðingarstaðar Raggá Sót, eins og Kristján telur ástæðu til að tífunda. Bókamarkaður á Akureyri var endur-



KRISTJÁN B. JÓNASSON Segir aðsókn á bókamarkað á Akureyri með ólíkindum mikla.


FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

reistur í fyrra og gekk þá þrýðilega. Var þá húsnæðið undir markaðinn stækkað og segir Kristján meiri sölu nú en nokkurn

óraði fyrir. Markaðurinn stendur til annars í páskum og eru titlarnir á markaðnum um fimm þúsund.

- jbg

Vorum að fá glæsilega
herravöru frá
Tommy Hilfiger



TOMMY  HILFIGER

TOMMY HILFIGER - GUESS - DKNY

Opnunartími fyrir páska:
Þriðjudag 11-18
Miðvikudag 11-18
Laugardag 11-16

Couture

Laugavegi 86-94 101 Reykjavík Sími 511 1060



BAKÞANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttur

Gæði norrænna guma

Í miðbænum má oft sjá ljóshærðan mann ganga með barnavagn um stræti. Á göngu minni um rústir aðalverslunargötu bæjarins sé ég hann nær undantekningalaust og virði hann fyrir mér, enda heldur óalgengt að sjá karlmann einan á gangi með vagn þótt við búum í jafnréttissamfélagi.

OFT hef ég fussað þegar konur mæra suðræna sveina fyrir riddaramennsku og reynt að leiða þeim fyrir sjónir að brosandir suðrænir hurðaoopnarar séu óspennandi kostur miðað við blíða karlmenn af norðurhjara veraldar – og vísa til ljóshærða mannsins með barnavagninn máli mínu til stuðnings.

EINHVERRA hluta vegna urðu samt sífellt fleiri íslenskir karlmenn sannfærðir um að þeir yrðu að fara eftir túristasögum af síðareglum Sturlungaaldar. Reyndar virtist þekking á gildi Íslendingasagna, Snorra-Eddu eða siglingakunnáttu til forna ekki fylgja með. Þá urðu þær raddir háværari að fugladráp væri mælikvarði karlmennskunnar. Virðing fyrir náttúru og velferð komandi kynslóða væri karlmönnum ekki samboðin.

PETTA síðastnefnda hefur reyndar lengi verið algengt viðhorf. Ef til vill hefur það orðið til þegar lífið snerist í raun um að lifa af næsta vetur og rányrkja þótti réttlæt看anleg til að bjarga lífi barnanna á bænum. Þetta kemur til dæmis fram þegar saga sildaráranna er athuguð, þegar sem allt var saltað á tunnur þar til markaðir fylltust, verðið féll og silfur hafsins máðist út.

AÐ undanförunu hafa fjölmiðlamenn veraldarinnar svo keppst við að gera gys að íslenska karlmanninum. Náðarhöggið hlaut goðsögnin um góða íslenska karlmanninn svo í tímaritinu Vanity Fair fyrir skömmu. Heimsbyggðin hlýtur nú að vera sannfærð um að Íslendingar stríði við kynbundinn erfðagalla sem geri þá að spaugilegum kjánum sem kunnir ekki með peninga að fara.

ÉG ákvað samt að missa ekki trúna á meðan ljóshærði maðurinn væri enn á sveimi með barnavagn í miðbænum. Það má því nærri geta hve vonbrigði mín urðu sár þegar ég heyrði ljóshærða manninn mæla orð af vörum um daginn. Af tungu hans ómaði ekki hinn dýrasti arfur heldur tungumál sem líklega tilheyrir grundum Póllands eða Litháen. Það er ég sannfærð um að hann er ekkert með barn í þessum vagni heldur noti hann til að flytja smyglaðan vodka.



Frumkvæði
Færni
Forysta

MBA nám við Háskóla Íslands

Fjölbreytt, krefjandi og metnaðarfullt nám

Háskóli Íslands var fyrstur hér á landi til að bjóða upp á MBA nám. Ávallt hefur verið lögð áhersla á að efla einstaklinginn og auka færni hans. Kennslan tekur mið af íslensku atvinnulífi og vinna nemendur bæði einstaklingsverkefni og hópverkefni sem ávallt eru tengd raunverulegum viðfangsefnum í rekstri fyrirtækja og stofnana.

> Umsóknarfrestur í MBA námið við Háskóla Íslands er 5. maí 2009

www.mba.is



VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS

GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn 7. apríl,
97. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.24	13.30	20.37
Akureyri	6.04	13.15	20.27

Heimild: Almanak Háskólans